



SEX FEMÍNÍSKAR MÝTUR

Pär Ström

Þýðing: Sigurður Jónsson

SEX FEMÍNÍSKAR MÝTUR

Raunverulegt jafnrétti er aðeins hægt að byggja á sannleika

Pär Ström

Íslensk þýðing: Sigurður Jónsson

Inngangsorð.....	6
Formáli þýðanda	7
Formáli höfundar.....	9
Mýta 1 „Ólík kyn eru afleiðing félagsmótunar“.....	10
Í hverju liggur kynjamunurinn?.....	10
Lærð hegðun eða líffræðilegur munur?.....	12
Testósterón er málið.....	13
Mannskeppnan (Homo Sapiens) er jú dýrategund.....	15
Hvort kynið er greindara?	16
Mýta 2 „Konur fá lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu“.....	17
Margar mögulegar skýringar	17
Ekkert launamisrétti hjá ríkisstarfsmönnum.....	18
Ekkert launamisrétti hjá starfsmönnum borga og bæja	19
Ekkert launamisrétti hjá sýslustarfsmönnum	20
Ekkert launamisrétti í einkageiranum	20
Launamisrétti er ekki lengur vandamál.....	21
Bilið minnkar og minnkar	22
Konur að fara fram úr körlum.....	22
Mýta 3 „Það er konum erfiðara að ná starfsframa“	25
Karlar eru marksæknari	25
Hvort kynið er uppteknara af starfsframa?.....	26
Það eru vinnustundirnar.....	28
Engin kynjakerfi finnast.....	30
Hlutfall kvenstjórnenda á uppleið	31

Körlum mismunað þegar ráðið er í stjórnunarstöður.....	33
Körlum meinuð þátttaka í starfsþróunarkerfum.....	34
Fimm ára útskýfun karla	35
Mýta 4 „Karlar eru almennt gerendur í ofbeldismálum, konur þolendur“	37
Langflestir þolendur ofbeldis eru karlmenn.....	37
Heimilisofbeldi	39
Ofbeldi kvenna gegn körlum umfangsmikill vandi	40
Femínistar „eiga“ ofbeldismálaflokkinn.....	40
Karlkyns fórnarlömb forsmáð	41
Mýta 5 „Konur vinna tvöfalt starf“	43
Karlar bera mestar birðar.....	43
Þar heldur fjárhag sínum aðskildum	45
Þegar að skilnaði kemur	45
Mýta 6 „Konur fá verri heilbrigðisþjónustu en karlar“	46
„Lyf eru prófuð á körlum, fyrir karla“.....	46
„Konur njóta verri hjartalækninga“	47
Meint mismunun gegn konum á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar	48
Konur nota heilbrigðisþjónustu í meira mæli en karlar.....	49
Hvernig karlar fá verri þjónustu.....	50
Hvoru kyninu er mismunað í sjúkdómarannsóknnum?	52
Eftirmáli höfundar.....	54
Heimildir	56
Meira um femínisma í Svíþjóð	60

Inngangsorð

Þú hefur séð þetta í kúrekamyndunum. Hestalest ferðast hægt en örugglega í gegnum villta vestrið. Hetjan, eins og síðar á eftir að koma í ljós, situr inni í hestvagni á spjalli við nokkrar litríkar persónur, þar á meðal eina mjög fallega konu.

Skyndilega gera vondu karlarnir árás. Þessir vondu karlar geta verið indjánar eða glæpagengi, skiptir ekki máli. Þeir koma ríðandi á harðaspani niður hlíðarnar skjótandi út í loftið. Reiðmaðurinn og skyttan sem á að vera honum innan handar í tilvikum sem þessum, eru drepnir og hestarnir sem toga hestvagninn hlaupa af stað í óðagoti.

Hetjan okkar þarf nú að bregðast skjótt við. Klifra upp á hestvagninn og taka við stjórnartaumunum.

Þetta er það sem Pär Ström gerir í þessari bók. Svíþjóð dagsins í dag er land sem er stjórnlaust. Öflugir þrýsti- og sérhagsmunahópar hafa komist til áhrifa á öllum stigum samfélagsins og þeir eru í slagnum fyrir eigin sérhagsmuni. Hin gamla Svíþjóð hefur liðið undir lok og hin nýja Svíþjóð færir æ nær því að geta talist skólabókardæmi um alræðisríki þar sem áróður hljómar stanslaust og fólk er ofsótt fyrir það að aðhyllast skoðanir sem samræmast ekki þessum áróðri. Andrúmsloft „pólítskrar rétthugsunar“ er samfélögum aldrei hollt en „vondu karlarnir“ í Svíþjóð hafa sannarlega tekið þetta fyrirbæri í þjónustu sína.

Það eru augljósar og áþreifynlegar ástæður fyrir því að þessi bók hefur verið þýdd úr sænsku, yfir á fleiri tungumál. Mál Julian Assange spilar þar eflaust stóra rullu. Mikilvægi þeirra skilaboða sem hér eru sett fram ná þó fram yfir mál hans og hina spiltu Svíþjóð. Bókin hefur að geyma mikilvæg skilaboð sem eiga við allstaðar í hinum vestræna heimi.

Formáli þýðanda

Höfundur þessarar bókar er hinn sænski Pär Ström og er bókin vitaskuld sett fram til höfuðs sænskum öfgafemínisma. Femínísk hugmyndafræði er þó ekki sænskt fyrirbæri. Rétt eins og bylting jafnréttisfemínista var fjölþjóðleg, þá er bylting öfgafullra femínista (forréttindafemínista) það einnig. Ekki er nema blæbrigðamunur á birtingarmynd femínisma milli þjóðfélaga í hinum vestræna heimi og kannski má orða það svo að sú meinsemd sem öfgafullur femínismi er, sé bara mislangt gengin eftir því til hvaða þjóðar er horft í þessum heimshluta.

Nokkur samgangur hefur verið milli íslenskra femínista og sænskra, en þetta má sjá í efni frá íslenskum femínistum auk þess sem augljós samfella hefur verið milli helstu baráttumála íslensku femínistahreyfingarinnar og þeirrar sænsku a.m.k. síðasta áratuginn eða svo. Hver kannast t.d. ekki við það að hafa heyrt talað um „*sænsku leiðina*“ sem tekin var upp á Íslandi hér um árið. Í þessu ljósi eiga skilaboð þessarar bókar tvímælalaust erindi við íslenska lesendur.

Mýtunum, sem hér eru teknar til skoðunar, hefur öllum verið haldið fram af íslenskum femínistum en þær hafa verið misáberandi. Ein er hluti af grunnhugmyndafræði forréttindafemínista og kannski ekki mikið í umræðunni dagsdaglega. Hinar heyrum við hvað eftir annað í viðleitni femínista til að draga upp þá mynd af samfélaginu að konur séu getulítil fórnarlömb siðblindra karla á öllum stigum samfélagsins og að yfirvöld þurfi að hjálpa konum að athafna sig í hættulegum karlaheimi.

Raunsönn greining á femínískum furðuhugmyndum er samfélaginu lífsnauðsynleg og löngu tímabær. Oftar en ekki þarf ekki mikla vinnu til að sjá að femínískar samsæriskenningar byggja ekki á neinum staðreyndum, aðeins órökstuddum hugmyndum sem síðan fá líf í meðförðum áróðursvélar íslensku femínistahreyfingarinnar og verða þar að „sannleik“. Innlegg Pär Ström í slíka greiningu er því kærkomið.

Bók Pär fékk í fyrstu jákvæðar viðtökur og nokkrir sænskir femínistar tóku þátt í rökræðu við Pär. Enginn þeirra var þó reiðubúinn að ræða málefnalega þær rannsóknirniðurstöður sem hér eru kynntar. Það er líkast til vegna þess að forsendur margra femínískra kenninga þola einfaldlega ekki skoðun og eiga tilvist sína undir því að almenningur líti á þær sem sannindi sem ekki þurfi að skeggræða frekar.

Þann 8. Nóvember 2012 kynnti Pär þá ákvörðun sína að hætta allri þátttöku í kynjaumræðunni. Hann var á þessum tíma nýbúinn að gefa út þriðju bók sína, Mansförbjudet, sem innihélt heildstæðari gagnrýni en þessi bók á öfgafulla femínista. Í kjölfar útgáfu hennar mátti Pär sitja undir sérstaklega óvægnum og rætnum persónuárásum af hálfu femínista auk þess sem honum bárust hótanir um ofbeldi.

Pär hefur aldrei talað fyrir öðru en að kynin njóti sömu lagalegu réttinda í hvívetna en hann hefur nú verið hrakinn af vettvangi umræðunnar af fólki sem vill að konur hafi réttindi umfram karlmenn. Fólki sem líkti Pär saman við menn eins og Anders Behring Breivik og ég get vel skilið að það hafi verið honum þungbært.

Það er von mín að þetta rit megi vera upplýsandi fyrir sem flesta og að það vekji kannski fólk til umhugsunar um það hvað femínísk hugmyndafræði er í raun froðukennd.

Það er einnig von mín að einhver, þó ekki sé nema einhver einn eða ein, sem lesi þessa bók verði síðar liðtæk/ur í baráttunni gegn forréttindafemínisma.

Sigurður Jónsson

www.forrettindafeminismi.com

sigurdur.jonsson.annar@gmail.com

Formáli höfundar

„Raunverulegt jafnrétti er aðeins hægt að byggja á sannleika“

Ég hef gríðarlegan áhuga á jafnréttismálum og varð það mér tilefni til útgáfu þessarar bókar.

Því miður er það svo að hugtakið *jafnrétti* hefur verið tekið traustataki af sérhagsmunahópum með allt aðra sýn á jafnrétti en flestir hefðu ætlað. Kynjajafnrétti er auðvitað það að báðum kynjum sé tryggður *jafn réttur* – ekkert meira og ekkert minna, að kynin spili eftir sömu leikreglum. Hugtakið hefur hinsvegar öðlast nýja og allt aðra merkingu á síðari tímum. Nú líta margir svo á að jafnrétti hafi ekki verið náð fyrr en hlutföll kynja hafi verið jöfnuð á öllum mögulegum og ómögulegum sviðum, með góðu eða illu. Það er ekki *jafnrétti* heldur *jafnstaða*.

Jafnstaða mun aldrei nást af sjálfu sér þar sem kynin eru, að meðalgildi, ólík að upplagi. Kynin hafa ólíkar áherslur í lífinu. Jafnstöðubarátta getur því óhjákvæmilega af sér *sértækar aðgerðir* og *kynjakvóta* sem ætlað er að jafna kynjahlutföllin. Þessar aðgerðir birtast okkur ýmist sem lög eða sem óformlegar reglur eða þrýstingur. Sértækar aðgerðir, stundum nefndar *jákvæð mismunun*, í þágu eins þjóðfélagshóps á kostnað annars, er vitaskuld ekkert annað en bein mismunun. Þetta skýrir hversvegna mismunun gegn körlum og drengjum er orðin jafn algeng í Svíþjóð í dag og raun ber vitni.

Raunverulegt jafnrétti getur aðeins byggst á sannindum eða réttum upplýsingum. Á mýtum er aðeins hægt að byggja spilaborgir. Spilaborgir sem leiða til óréttlætis áður en þær að endingu hrynja undan sjálfum sér. Það er þessvegna mikilvægt að fletta ofan af hinum fjölmörgu mýtum sem hreyfing femínista hefur alið á. Í þessari bók byrja ég á þeim sex mýtum sem ég tel vera þær útbreiddustu.

Minn hugmyndafræðilegi grunnur varðandi málefni kynja er að kynin eigi að búa við jafnan rétt í hvívetna. Ég er ekki femínisti sem einvörðungu berst fyrir réttindum kvenna og ég er heldur ekki karlréttindasinni sem berst eingöngu fyrir réttindum karla. Ég er *jafnréttissinni*. Við erum öll manneskjur og við ættum öll að hafa sama rétt og sömu skyldur.

Hægt er að senda mér skilaboð á ensku eða sænsku á tölvupóstfangið par.strom@dnv.se.

Stokkhólmi, Apríl 2011.

„Ólík kyn eru afleiðing félagsmótunar“

Mýta sem haldið er á lífi af yfirvöldum.

Margir femínistar halda því fram að sá munur sem við sjáum í atferli kynja sé einvörðugu til kominn vegna félagsmótunarlegra þátta. Þeir segja að ólíkar væntingar samfélagsins til drengja og stúlkna geri það að verkum að drengir hagi sér eins og drengir og stúlkur eins og stúlkur. Þá halda þeir því fram að þessi félagsmótunaráhrif fylgi okkur út í lífið. „Þú fæðist ekki kona, þú verður kona“ sagði femínistinn Simone de Beauvoir (1908-1986).

Mjög margt stjórnmalafólk virðist aðhyllast mótunarhyggju. Þannig viðurkenndi ríkisstjórn sósíaldemókrata, sem þá var við völd, félagsmótunarkenningar í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar sinnar árið 2002. Eftirfarandi má finna í yfirlýsingunni (Skr 2002/2003: 140):

„Þrátt fyrir áralanga jafnréttisbaráttu, ber samfélag okkar enn merki um valdakerfi kynja. Starf okkar verður í framtíðinni að taka femíníska stefnu. Það felur í sér að við verðum að vera meðvituð um kynjakerfið, að konur séu undirsettar karlmönnum. Við verðum að vera reiðubúin að breyta þessu. Það felur í sér að ríkisstjórnin verður að líta á karlmennsku og kvenleika sem félagsmótaða þætti. Þ.e.a.s. að þættir í samfélagsgerð móti kyn allt frá fæðingu til fullorðinsára, menningu okkar, hagkerfi, valdakerfi og pólitíska hugmyndafræði“

Allir sem kynna sér rannsóknir hinna ýmsu vísindagreina, í stað pólitísku áróðurs, sjá hinsvegar að það það er merkjanlegur munur á atferli kynja strax við fæðingu. Eðlislægir og erfðafræðilegir þættir eru ráðandi þegar kemur að mörgum eiginleika okkar sem síðar stýra atferli okkar í daglegu lífi.

Í hverju liggur kynjamunurinn?

Dr. Simon Baron-Cohen er prófessor við Cambridge Háskólann í Englandi. Hann setti fram hina svokölluðu *E-S kenningu* þar sem E stendur fyrir samkennd (e. Empathy) og S fyrir skipulagssemi (e. systemizing). Að eiga auðvelt með að finna til samkenndar með öðru fólki þýðir að einstaklingur á auðvelt með að tengjast öðru fólki. Viðkomandi á þá gjarnan auðvelt með að skilja þarfir annars fólks og eiga samskipti við það. Að vera skipulagssamur felur á hinn bóginn í sér að einstaklingur hefur góða hæfileika til að greina, skilja og smíða eða

hanna tæknileg kerfi. Samkvæmt E-S kenningunni er hægt að skipta fólki upp í þrjá meginhópa eftir því hverskonar heila fólkið er með. Þessir meginflokkar eru:

- E heilinn - sem á mun auðveldara með samkennd en skipulega hugsun.
- S heilinn - sem á mun auðveldara með skipulega hugsun en samkennd.
- B heilinn - sem er nokkurnveginn jafnvígur á báða þessa þætti.

Samkvæmt Dr. Baron-Cohen er E heilinn dæmigerður fyrir konur og S heilinn dæmigerður fyrir karlmenn. Þetta er auðvitað ekki algilt frekar en nokkuð annað í eðli fólks en heilt á litið má greina skýrt mynstur í þá veru að konur hafa oftast E heila og karlar oftast S heila.

Annica Dahlström er annar fræðimaður sem vert er að nefna úr stórum hópi fræðafólks sem rannsakað hefur eðlislægan kynjamun. Hún er Prófessor Emiratus við Líf- og lífefnafræðideild Háskólans í Gautaborg. Hún hefur helgað 15 árum af starfsferli sínum í rannsóknir á þessu sviði. Í bók sinni *Gender is in the brain*, skrifar hún um hið flókna samband mannsheilans og hormóna við önnur líffæri sem bæði fyrir og eftir fæðingu, móta kyn okkar. Jafnvel þó það séu undantekningar frá meginreglunni, segir Annica að til séu eiginleikar sem segja má að séu karlegir og kvenlegir. Sérkenni sem segja má að séu kvenleg eru að sögn Annicu m.a:

- Samkennd og umhyggja.
- Góður málskilningur og styrkur í munnlegum samskiptum.
- Eftirtekt með smáatriðum og blæbrigðum, bæði sjónrænt og hljóðrænt.
- Næmni fyrir líðan fólks og næmni fyrir lítt áberandi vísbendingum um líðan.
- Hæfni í að gera marga hluti í einu.

Sérkenni sem segja má að séu karleg eru aftur á móti:

- Vilji til að taka áhættu og keppa við annað fólk.
- Hæfni í að beina athygli að einum hlut í einu.
- Hæfni í óhlutbundinni hugsun.
- Góð sjónræn þrívíddarskynjun.
- Meiri dreifni í greind (kynin eru að meðaltali jafn greind).

Þriðji fræðimamaðurinn sem mig langar að nefna er Germund Hesslow, Prófessor í Taugavísindum hjá Háskólanum í Lundi. Hann segir að munurinn á kynjum sé vel þekktur. Sem dæmi nefnir hann að karlar hafi, að jafnaði, betri rýmigreind og séu færari í að leysa úr stærðfræðilegum vandamálum. Þá segir hann að karlmenn séu árásargjarnari og

áhættusæknari en konur. Konur séu á hinn bóginn umhyggjusamari (sérstaklega gagnvart ungbörnum) og séu varfærnari í makavali sínu. Þá séu konur tregari en karlar til að stunda skyndikynni. Rétt eins og Dahlström, segir Hesslow að meðal karla sé meiri dreifni í greindarfari en hjá konum.

Ég gæti haldið áfram og vitnaði í fleiri vísindamenn sem rannsakað hafa kynjamuninn en snúum okkur nú að því hvað rannsóknir benda til að valdi þessum mun á kynjunum.

Lærð hegðun eða líffræðilegur munur?

Kynjamunur blasir við okkur í daglegu lífi. En er þetta munur sem stafar af lærðri hegðun eða skýrist hann af líffræðilegum þáttum? Vitaskuld hefur samfélagið áhrif en gríðarlegur fjöldi rannsókna benda til þess að líffræðilegir þættir hafi mikið að segja. Scientific American gerði þessu góð skil í grein um ólíka heila karla og kvenna. Þetta er meðal þess sem þar segir:

„Á umliðnum áratug hafa rannsakendur skráð gríðarlegt magn upplýsinga um skipulagslegan, lífefnafræðilegan og hagnýtan breytileika á heila karla og kvenna“.

Skoðum nú eitthvað af þeim rannsóknum sem sýna fram á þennan eðlismun. Við skulum byrja í Svíþjóð með Arne Müntzing, Erfðafræðingi og Prófessor í erfðavísindum. Þegar árið 1976 hafði hann rannsakað tólf vikna gömul ungabörn sem geta tæplega talist hafa, á stuttri ævi, orðið fyrir áhrifum kynjaímunda. Þessar rannsóknir sýndu fram á mun milli stúlkubarna og sveinbarna. Müntzing skifaði:

„Sveinbörn eru fyrri til að þróa skynjun á rými og staðsetningu hluta miðað við aðra hluti sem gæti skýrt það að drengir sýna síðar á ævinni meiri áhuga en stúlkur á strúktúrum og stærðfræðilegum verkefnum. Stúlkur, aftur á móti hafa meiri áhuga á samskiptalegum verkefnum. Það eru því ekki bara félagsmótunarlegir þættir sem gera það að verkum að stúlkur búa um tindáta í dúkkurúm svo þeim sé hlýtt og þeir hafi það notalegt.“⁴

Árið 1999 gerði doktorsneminna Anna Servin, hjá sálfræðideild Háskólans í Uppsöllum, rannsókn á 300 nýburum. Þetta var samstarfsverkefni sem hún vann með vísindamönnum við Huddinge spítala. Niðurstöður Servin bentu til þess að skýr munur væri á atferli milli kynja strax við níu mánaða aldur. Þessi munur jókst svo með aldri. Að mati Servin hefur karlhormónið Androgen ráðandi áhrif á atferli og hegðun barna, þar með þátta eins og leikfangavals.⁵

Svona dregur Anna Servin saman niðurstöður sínar varðandi atferlismun drengja og stúlkna og áhrif munarins á val barna á leikföngum:

„Sveinbörn hafa almennt betri rýmiskynjun, þeir sjá og skilja hvernig strúktúrar virka og hafa jafnan meiri ánægju af því að leika sér með leikföng sem þeir geta byggt úr. Stúlkubörn hafa almennt betri málþroska og sýna meiri áhuga á samskiptum sem aftur veldur því að þær velja leikföng í samræmi við það.“

Testósterón er málið

Prófessor Richard Udry hjá Háskólanum í Norður Karólínu bar saman testósterónmagn í kvenkyns fósturum við atferli þeirra sem fullorðinna einstaklinga 30 árum síðar. Hann sá að það var samband milli testósterónmagns á fósturstigi og karlegrar eða kvenlegrar hegðunar einstaklingsins þrjátíu árum síðar. Udry fylgdist með hvernig þessir einstaklingar hegðuðu sér í samskiptum við börn, innan hjónabands og vinnu og hvernig þeir höguðu starfsframa og loks útliti þeirra.

Þeir einstaklingar sem höfðu mikið magn testósteróns á fósturstigi sýndu minni kvenleika í viðhorfum og atferli.⁶

Phthalates eru efnasambönd sem innihalda kynhormón. Átta rannsakendur við Háskólann í Rochester uppgötvaðu að drengir sem höfðu komist í snertingu við phthalates á fósturstigi léku sér á annan hátt en aðrir drengir. Þ.e. voru ekki eins strákalegir.⁷ Þá hafa vísindamenn við Háskólann í Cambridge komist að því að mikið magn karlhormóna á fósturstigi skili sér síðar í skýrari strákahegðun í leik.⁸

Bandarískir og breskir vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að testósterónmagn á fósturstigi ákvarði áhuga barna á kerfislegum leikföngum (s.s. kubbum). Því meira sem testósterónmagn er á fósturstigi, þess meiri áhuga hefur barn á kerfislegum leikföngum síðar meir.⁹ Þá sýnir fjórða rannsóknin að stúlkur sem þjáast af *CAH heilkenni* (óeðlilega miklu magni testósteróns) leika sér miklu mun frekar með strúktúr- og flutningaleikföng en önnur stúlkubörn. Þá sýna þessar stúlkur meiri hörku og árásargirni í leik.¹⁰ (Á ensku er gjarnan vísað til svona leikja sem „*rough and tumble play*“ sem gæti útlaggst sem ærslaleikir á íslensku).

Þegar á unga aldri sýna drengir sem sagt almennt meiri áhuga á kerfislegum hlutum en stúlkur sem sýna fólki og andlitum aftur á móti meiri áhuga. Ein rannsókn sýndi fram á að eins árs gömul stúlkubörn eyddu meiri tíma, en drengir á sama aldri, í að horfa á andlit

mæðra sinna. Þegar þessum börnum voru sýnd myndskreið, horfðu stúlkurnar lengur á myndskreið sem sýndu andlit, á meðan drengir horfðu lengur á myndskreið en sýndu bíla.¹¹

Getur verið að þessi eins árs gömlu börn hafi þegar orðið fyrir áhrifum af væntingum samfélagsins til þeirra og kynhlutverka þeirra? Til að útiloka möguleikann á því gerðu þessir sömu vísindamenn svipaða rannsókn á börnum sem voru ekki nema eins dags gömul. Nýburarnir gátu valið milli þess að horfa á andlit konu eða leikfangabíl sem að lit, stærð og lögun, minnti á andlit. Niðurstaðan var sú að sveinbörnin mændu lengur á leikfangabílinn en stúlkurnar á andlitin.

Prófessor Simon Baron-Cohen hjá Cambridge Háskóla hefur fundið út að meðal tólf mánaða gamalla barna, sýna stúlkur meiri samhyggð með líðan annars fólks en drengirnir.¹²

Á fimmta áratug síðustu aldar var kvenhormónið *diethylstilbestrol* notað til að meðhöndla konur sem höfðu sögu um endurtekinn fósturmissi. Þetta gerði vísindamönnum kleift að gera áhugaverðar rannsóknir. Meðal þess sem þeir komust að var að sveinbörn sem getin voru af mæðrum sem hlotið höfðu þessa meðferð, sýndu af sér meiri samkennd og almennt kvenlegri hegðun en aðrir drengir. Þá höfðu þeir meiri áhuga á að leika sér með dúkkur en aðrir drengir.¹³

Þá hafa rannsóknir einnig verið gerðar á sveinbörnum sem fæðast með svokallaða *IHH röskun* sem lýsir sér í vanþroskuðum eistum sem eru miklu smærri en eðlilegt er og framleiða þar af leiðandi minna testósterón en heilbrigð eistu. Rannsókn sýndi fram á að drengir með þennan fæðingargalla höfðu lakari rýmiskynjun en heilbrigðir drengir. Þá hafa verið gerðar athuganir á sveinbörnum sem fæðast með *AI heilkenni*, fæðingargalli sem leiðir til þess að heilinn er ófær um upptöku andrógena (karlhormóna). Þessir drengir sýndu einnig lakari rýmigreind en eðlilegt getur talist. Stúlkubörn sem fæddust með *CAH heilkennið*, þ.e. með of mikið magn karlhormóna, eins og áður sagði, sýna mun betri hæfni í rýmiskynjun en aðrar stúlkur.¹⁴

Þá hefur verið sýnt fram á að magn testósteróns hefur bein áhrif á áhættuhegðun fullorðinna og konur sem velja sér störf innan fjármálageirans framleiða meira magn testósteróns en aðrar konur.¹⁵

Sænska tímaritið *Illustrerad Vetenskap* (Vísindi í máli og myndum) skrifaði nýlega:¹⁶

„Nýjar rannsóknir sýna að karlar hafa 6,5 sinnum meira af gráa efni heilans en konur á meðan konur hafa tíu sinnum meira af hvíta efni heilans en karlar. Þetta gæti skýrt hvers vegna karlar eru oft betri en konur í stærðfræði en konur oft betri en karlar í tungumálum.“

Mannskeppnan (Homo Sapiens) er jú dýrategund

Rannsóknir úr dýraríkinu geta líka verið áhugaverðar m.t.t. kynjaumræðunnar þar sem dýr geta varla talist hafa orðið fyrir áhrifum að félagsmótunarlegum þáttum eins og staðalímyndum kynja. Ef móðir náttúra skóp önnur dýr þannig að eðlisbundinn munur er á kven- og karldýrum, hví skyldi mannskeppnan vera untantekning? Hér fara nokkur dæmi um áhugaverðar rannsóknarniðurstöður úr dýraríkinu:

Ein rannsókn fékkst við hóp apa sem gefin voru mismunandi leikföng. Þessi leikföng voru m.a. dúkkur, dótatrúkkar og nokkur kyn-hlutlaus leikföng eins og myndabækur. Rannsóknin leiddi í ljós að karldýrin eyddu meiri tíma en kvendýrin í að leika sér með „strákaleikföngin“ á meðan kvendýrin léku sér með „stelpuleikföngin“ í meira mæli. Þá mældist enginn merkjanlegur munur á tíma sem kven- og karldýrin eyddu í að leika sér með kyn-hlutlaus leikföng.¹⁷

Annað verkefni fól í sér að kvenfóstrum apa voru gefin andógen karlhormón. Atferli þessara kvenapa varð síðar meira í ætt við karlapa en kvenapa. M.a. léku þessir kvenapar sér meira eins og karlapar og ærsluðust mun meira en aðrir kvenapar.¹⁸

Þriðja rannsóknarverkefnið gekk út á að gefa öpum prik sem leikföng. Rannsóknarteymið fylgdist svo með hvernig aparnir léku sér með prikin og sáu að kvendýrin léku sér með prikin eins og þau væru dúkkur. Nokkuð sem karldýrin gerðu miklu mun minna af.¹⁹

Í fjórðu rannsókninni var öpum gefnar tvær tegundir af leikföngum, dótabílar og tuskudýr. Karldýrin sýndu sterkan og viðvarandi áhuga á dótabílum á meðan kvendýrin sýndu hvorugu meiri áhuga en hinu.²⁰

Fimmta rannsóknin sýndi svo að karldýrin tóku dótabíla upp af gólfinu í meira mæli en kvenapar sem tóku dúkkur meira upp en bíla.²¹

Þá hafa rannsóknir einnig verið gerðar á rottum. Kvenkyns rottur sem hafa verið sprautaðar með testósteróni strax við fæðingu lærðu fyrr en aðrar hvernig átti að rata um völundarhús. Þá þróuðu þær með sér meiri viðvarandi hæfni í því en kvenkyns rottur sem ekki fengu testónsterón meðgjöf. Völundarhús eru góður mælikvarði á rýmiskynjun.²²

Að þessu sögðu er með nokkru öryggi hægt að fullyrða að hugmyndin: Ólík kyn eru afleiðing félagsmótunar, er mýta. Fyrirgefðu ef ég spilli þínum himneska friði, Simone de Beauvoir, en þú hafðir rangt fyrir þér. Þú fæddist kona!

Hvort kynið er greindara?

Áður en ég lýk þessum kafla, langar mig að koma aðeins inn á þann eðlislæga mun sem hvað mest snertir kynjaumræðuna. Eins og áður sagði eru konur og karlar með sömu *meðalgreind* en það er meiri dreifni í greindarfari karla en kvenna. Þetta þýðir að það eru fleiri greindarskertir karlmenn en konur en líka fleiri afburðagreindir karlar en konur þar sem þær dreifast þéttar kringum miðgildi greindarmælikvarðans.

Mörgum gæti þótt þessi munur hafa lítið erindi í kynjaumræðuna og segja kannski sem svo að þetta skipti ekki málið þar eð meðaltalið er það sama. En hugleiddu þá öll þau svið þar sem gríðarleg spurn er eftir efri frávikunum – snillingunum. Að það sé meiri dreifni í greindarfari karla segir okkur að óneitanlega hljóti að vera fleiri afburðagreindir karlar en afburðagreindar konur. Hvaða þýðingu hefur þetta í kynjuðu samhengi, t.d. á tilnefningar til Nóbelsverðlauna?

Frá sjónarhóli tölfræðinnar er auðvitað eðlilegt að fleiri karlar en konur séu tilnefndar til Nóbelsverðlauna á sviðum þar sem mikil spurn er eftir afburðagreindu fólki. Þetta hefur verið bent á í fræðigreinum eftir t.a.m. Annicu Dahlström²³ og Germund Hesslow²⁴. Þessar ábendingar vöktu hörð viðbrögð. En raunveruleikinn er eins og hann er, óháð því hvað hverjum og einum finnst um það.

Konur sem kyn njóta þess einnig að í lægri frávikum greindarfars eru færri konur en karlar. Þannig gæti þetta mögulega skýrt að það eru færri konur en karlar í neðstu lögum samfélagsins, s.s. meðal fanga og heimilislausra.

„Konur fá lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu“

Meira að segja ráðherra keypti þessa mýtu.

Það er oft fullyrt að konur fái minni laun en karlar. Algengt er að heyra að konur fái aðeins 80% af launum karla og femínistar fullyrða að þennan mun megi rekja til mismununar sem konur verði fyrir. Önnur algeng fullyrðing er að konur fái greidd lægri laun en karlar *fyrir samskonar vinnu*.

Jafnvel hátt sett manneskja á borð við Atvinnumálaráðherra, Erik Ullenhag keypti þessa mýtu en hann lét, í ársbyrjun 2011, hafa eftir sér:

„Það er greinilegt að mismunun á sér stað í samfélagi okkar. Konur fá enn lægri laun en karlar og eiga í erfiðleikum með að ná topp stöðum í atvinnulífinu.“²⁵

Margar mögulegar skýringar

Kynnum okkur nú aðeins hvernig þessar fullyrðingar femínista standast nánari skoðun. Til að byrja með vil ég benda á að munur milli tveggja hópa þarf ekki sjálfkrafa að vera til marks um mismunun eða misrétti. Ég hika ekki við að segja að það er hreinlega *heimskulegt* að komast sjálfkrafa að slíkri niðurstöðu. Mismunur getur átt sér eðlilegar skýringar og þetta á ekki síst við um launamuninn.

Sænska Hagstofan ber ábyrgð á að birta tölfræðiupplýsingar um laun í Svíþjóð. Sé litið til samantektar Hagstofunnar frá september 2010 sést að laun kvenna voru í heild 14,8% lægri en laun karla árið 2009. Þetta er heildar launamunur kynja, sem sagt sá launamunur sem mælist á heildarlaunum karla og kvenna í opinbera- og einkageiranum, í hálauna- og láglauastörfum.

Það er hinsvegar ekki hægt að segja að mismunur á meðaltekjum karla og kvenna þýði sjálfkrafa að konur séu að fá greidd lægri laun fyrir *sambærileg* störf og karlar. Stærsta skýringin á þessum launamun felst í miklum mun á starfsvali kynja. Karlar velja í meira mæli hálaunastörf á meðan konur velja láglauastörf í meira mæli. Það er mikilvægt að leggja áherslu á að þetta byggir á frjálsu vali einstaklinganna.

En það eru fleiri þættir sem skýra launamuninn. Meðal annara:

- Óunnar vinnustundir.
- Starfsaldur.
- Tegund starfs.
- Erfiðleikastig.
- Mannaforráð eða ekki.
- Menntun.
- Reynsla.
- Áhuga eða ákafastig, sveigjanleiki, fórnfýsi o.s.fv.

Það skal tekið fram að þetta er alls ekki tæmandi listi yfir þá þætti sem skýrt geta launamun. Þessi listi inniheldur aðeins þá þætti sem má kannski auðveldlega taka með í reikninginn til að skýra launamun kynja.

Um leið og launamunur kynja er skoðaður að teknu tilliti til þessara þátta, minnkar munurinn í nánast ekki neitt. Það sem eftir stendur er þá það sem í daglegu tali er kallað *kynbundinn launamunur*. Hann getur komið til vegna mismununar en einnig vegna þátta sem eru ekki mældir í könnunum á launamuni kynja, við getum ekki vitað það fyrir víst. Aðferðafræðileg gæði launarannsóknna eru mjög mismunandi þegar kemur að því að vega og meta breytur sem teknar eru með í myndina sem skýrt geta muninn. Þá er heldur alls ekki víst að hægt sé að gera launakönnun sem tekur tillit til *allra* þátta sem skipt geta máli.

Af þessu leiðir að það er enginn raunverulegur grunnur fyrir því að segja að *óútskýrður eða kynbundinn launamunur* sé til kominn vegna mismununar gegn konum.

En hve mikill er hinn óútskýrði kynbundni launamunur? Niðurstöður kannana eru ekki á einn veg en munurinn er þó mjög lítill. Margir fræðimenn hafa haldið því fram að í raun sé enginn *óútskýrður* kynbundinn launamunur til staðar í Svíþjóð í dag, það ríki fullt launajafnrétti.

Ekkert launamisrétti hjá ríkisstarfsmönnum

Byrjum á að skoða ríkisstarfsmenn. Nýjustu aðgengilegu tölur eru frá september 2009. Þá mældist kynbundinn launamunur 1,3%. Ég vitna hér skýrslu frá Sambandi Stafsmanna Ríkisins:²⁶

„Tölfræðigreining leiðir í ljós að kynbundinn launamunur má nánast allan skýra með mælanlegum þáttum. Stóran hluta munarins má skýra með meiri fjölda kvenna en karla sem

kjósa að vinna hlutastarf, erfiðleikastigi og eðlis starfs og því að fleiri karla en konur eru í stjórnunarstöðum. Þá eru störf og launakjör milli mismunandi ríkisstofnana ólík og mikill breytileiki í menntun, reynslu, líf- og starfsaldri svo eitthvað sé nefnt. Munurinn sem eftir stendur er hinn svo kallaði óútskýrði kynbundni launamunur sem ekki er hægt að skýra með mælanlegum þáttum og mælist 1,3% skv. upplýsingum Hagstofunnar frá því í september 2009.“

Þá er hér önnur áhugaverð tilvitnun í skýrslu Sambandsins:

„Að teknu tilliti til þess að við tölfræðigreininguna var notast við samandregnar niðurstöður úr miðlægum gagnagrunni og að þ.a.l. hafi skort ýmsar ítarupplýsingar um eðli starfa o.s.fv., getum við fullyrt að fyrir hendi séu þættir sem enn skýri kynbundinn launamun þeirra hópa sem voru skoðaðir. Þar af leiðandi er hægt að segja að eftirstandandi mun megi skýra með efnislegum rökum er lúta að mismunandi eðli starfanna.“

Samband Starfsmanna Ríkisins lætur hér hafa eftir sér, svart á hvítu, að eftirstandandi launamunur kynja, *hinn kynbundni launamunur*, sé líkast til ekki kominn til vegna mismununar í garð kvenna heldur eigi sér eðlilegar skýringar. Það er því óhætt að segja að það sé enginn óútskýrður, kynbundinn launamunur meðal ríkisstarfsmanna.

Ekkert launamisrétti hjá starfsmönnum borga og bæja

Hjá starfsmönnum borga og bæja er óútskýrður kynbundinn launamunur eitt prósent. Ég vitna í skýrslu frá Sambandi starfsmanna borga og bæja sem gefin var út árið 2003:²⁷

„Ef ekkert tillit er tekið til eðli starfa innan okkar sambands hafa konur 71% af launum karla. Veigamesta skýringin á þessum launamun kynja liggur í því að innan sambandsins starfa margar ólíkar stéttir með ólíkar kröfur um hæfni og menntun. Karlar eru áberandi í störfum þar sem krafist er meiri menntunar s.s. lækningar, tannlækningar og stjórnun. Ef tekið er tillit til þessara þátta stendur eftir að konur hafa 99% af launum karla.“

Þá heldur Sambandið áfram og segir til skýringar á eftirstandandi 1% launamun kynja:

„Aðrir þættir sem þurfa að skoðast í þessu samhengi eru svokallaðar aldursbreytur, starfsaldur, mismunandi skyldur og erfiðleikastig, ábyrgð og mannaforráð. Þá ber að skoða fleiri þætti eins og frammistöðu starfsmanns þegar laun eru ákvörðuð á vinnustaðnum.“

Samband starfsmanna borga og bæja bendir hér á fjölmarga þætti sem skýrt geta þetta eina prósent sem skilur að meðallaun karla og kvenna. Í raunveruleikanum er því enginn launamismunur meðal starfsmanna borga og bæja. Launajafnrétti ríkir í reynd.

Ekkert launamisrétti hjá sýslustarismönnum

Kynbundinn launamunur hjá sýslustarismönnum mælist einnig eitt prósent. Í fréttatilkynningu frá 2007 skrifar Samband sýslustarismanna:

„Þegar munur sem leiðir af tegund starfs, aldri og menntun hefur verið skýrður, nema laun kvenna 99% af launum karla.“

Það má segja að það sé full mikil einföldun að taka bara tillit til tegundar starfs, aldurs og menntunar. Það væri hægt að taka miklu fleiri skýribreytur inn í dæmið til að fá skýrari mynd af orsökum þess eins prósenta launamunar sem þó mælist.

Það má því með nokkurri vissu segja að það viðgangist ekkert kynbundið launamisrétti hjá sýslustarismönnum heldur.

Ekkert launamisrétti í einkageiranum

Að lokum er það svo einkageirinn. Í skýrslu Samtaka Atvinnulífsins frá árinu 2005 fást svipaðar niðurstöður. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þáttum eins og tegund starfs, aldri og menntun er kynbundinn launamunur 2,2% í verkastéttum og 6,5% hjá skrifstofustéttum. Það skal teki fram að Samtök Atvinnulífsins gera þann fyrirvara, í skýrslunni, að ekki sé tekið tillit til þátta sem enn gætu skýrt eitthvað af eftirstandandi launamun kynja. Ég vitna í skýrsluna:

„Nokkrar veigamiklar skýribreytur vantar í launatölfræðina. M.a: starfsaldur á vinnumarkaði eða innan greinar, starfsaldur innan fyrirtækis, erfiðleika- og flækjustig starfs. Við vitum að fleiri þættir hafa áhrif á laun og við getum því ályktað að hinn kynbundni launamunur hefði verið enn minni að teknu tilliti til þessara þátta.“

Mesti kynbundni launamunurinn mælist semsagt meðal fólks í skrifstofustörfum innan einkageirans. Það vill einmitt svo til að þetta er sá hluti atvinnulífsins þar sem erfiðast er að mæla alla þá þætti sem áhrif hafa á laun. Hér skipta þættir máli eins og ákafi, frammistaða, sveigjanleiki, vilji til að vinna yfirvinnu eða flytjast búferlum o.þ.h. Samtökin höfðu þetta um kynbundinn launamun meðal skrifstofufólks að segja:

„Eftir greininguna stendur 6,5% munur. Þessi munur hefur sínar skýringar en meðal þeirra eru erfiðleikastig starfs, tryggð starfsmanns við vinnuveitanda (hve oft hann hefur skipt um starf), fjöldi undirmanna, ábyrgð á ráðstöfun fjár, fyrri reynsla, fjölbærni starfsmanns o.s.fv.“

Svipað orðalag er notað til að skýra muninn milli karla og kvenna í verkastéttum. Val á orðalagi Samtaka Atvinnulífsins „er skýrður með“ gefur til kynna að samtökin telji eðlilegar skýringar að baki hinum óútskýrða kynbundna launamun.

Það er því enginn óútskýrður kynbundinn launamunur í einkageiranum heldur.

Launamisrétti er ekki lengur vandamál

Dr. Eva M Meyerson og Prófessor Trond Petersen unnu mjög vandaða rannsókn á kynbundnum launamun. Í grein sem þau skrifuðu árið 1997 í tímaritið *Ekonomisk Debatt*²⁹ segir:

„Rannsókn okkar, sem nær yfir 21 ár, sýnir að kynbundinn launamunur meðal fólks í sambærilegum stöðum og störfum er mjög lítil. [...] Rannsóknarniðurstöður okkar eru í takti við það sem marga fræðimenn grunaði: Bein launamismunur er ekki lengur vandamál.“

Þá er áhugavert að skoða niðurstöður risakönnunar sem Umboðsmaður Jafnréttismála lét gera árið 2008, hin svokallaða *milljónakönnun*. Í henni voru laun einnar milljónar starfsmanna í öllum stéttum könnuð til að mæla kynbundinn launamun. Umboðsmaðurinn skrifar í skýrslu sinni að kynbundinn launamunur, sem ekki séu hlutlæg rök fyrir, nemi aðeins 0,7%. Það skal tekið fram að erfiðleikar við að vega og meta alla þætti sem skipt gætu máli voru auðvitað einnig fyrir hendi í þessari rannsókn. Þá voru einnig karlar meðal þessara þeirra starfsmanna sem töldu sig fá lægri laun en konur í sambærilegum störfum.

Það er margt annað en mismunur sem skýrt getur hinn óútskýrða kynbundna launamun sem eftir stendur þegar leiðrétt hefur verið fyrir nokkrum þessara þátta. T.d. geta kynin haft ólíkar áherslur og nálgun í að semja um kjör. Rannsókn unnin af Dr. Lindu Babcock, prófessor í Hagfræði við Carnegie Mellon Háskólann og blaðamanninum Söru Laschever sýnir að ungir karlar semja reglulega um launahækkanir á meðan konur á sama aldri gera það ekki.³⁰ Aðrar rannsóknir sýna að karlar leggja meiri áherslu á launahækkanir á meðan konur leggja meiri áherslu á að fækka vinnustundum.³¹

Sú staðreynd að karlar hafa lægri laun en konur í vissum starfsgreinum er almennt sniðgengin í kynjaumræðunni. Í hefðbundnum kvennagreinum getur dæmið snúið þannig að

konur fái almennt hærri laun en karlar. Í áðurnefndri launarannsókn Sambands Sýslustarfsmanna kemur fram að konur sem starfa sem sjúkrabjálfarar þéni 101% af launum karla í sömu stétt. Samsvarandi launamunur mælist í stétt starfsendurhæfnarsérfræðinga, 103% meðal aðstoðarmanna tannlækna, 104% meðal lækna og 103% í tilviki fólks sem vinnur við heimilishjálp.

Bilið minnkar og minnkar

Það eru fjölmargar vísbendingar um að bilið milli launa kvenna og karla fari minnkandi. Þetta er úr skýrslu Hagstofunnar fyrir árið 2010:³²

„Skýrslan sýnir að launamunur kynja hefur minnkað í öllum greinum milli áranna 2005 og 2009.“

Búast má við að þessi þróun haldi áfram. Meðal annara þátta spilar þar inn í að konur eru miklu fleiri en karlar í Háskólum og á æðri menntastigum nú til dags. Þetta mun líklegast hafa mikil áhrif í nánustu framtíð þegar kemur að starfsvali og launum. Þá fer hlutur kvenna í stjórnunarstöðum ört vaxandi. Þetta er tekið úr skýrslu Sambands Starfsmanna Ríkisins frá árinu 2010:

„Í úrtaki þessarar könnunar, fyrir árið 2009, sést að konur eru 41% framkvæmdastjóra. [...] Þetta bendir til verulegrar aukningar þar sem þetta hlutfall var aðeins 22% árið 2000.“

Þetta er svo það sem Samtök Atvinnulífsins skrifuði í áðurnefnda skýrslu sína:

„Örar breytingar einkenna nú sænskan vinnumarkað. Þar sem konur mennta sig nú meira og takast á hendur stjórnunarstörf í vaxandi mæli, munu þær þökast nær og nær hæst launuðu störfunum.“

Fleiri konur í forstjóra- og framkvæmdastjórastöðum þýðir að sjálfsögðu hækkandi meðallaun kvenna.

Konur að fara fram úr körlum

Munu laun kvenna hækka svo mikið að launamunur kynja snýst á endanum við? Ýmislegt bendir til þess að þetta sé nú þegar að eiga sér stað. Nýjar tölur frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Noregi sýna að konur í sumum geirum hafi ekki bara náð upp í laun karla heldur farið fram úr þeim.

Í Englandi má t.d. sjá úr skýrslu Hagstofunnar³³ frá því í desember 2010, að konur á aldrinum 20 til 30 ára hafa að meðaltali 2,1% hærri laun en karlar í sama aldurshópi. Karlar hafa hærri meðallaun en konur á aldursbilinu 30 til 40 ára en bilið hefur minnkað úr 10% niður í 2,9% á tíu árum. Ef aldursbilið er breikkað í 20 til 40 ár sést að það er sterk sveifla í átt að auknum launamun, konum í hag. Sveifla sem margt bendir til að muni halda áfram.

Þessi orð hafði Ruth Lea, Hagfræðingur hjá Arbuthnot Banking Group, að segja í blaðagrein:³⁴

„Það er enginn launamunur meðal barnlausra kvenna og karla. Hjá konum undir fertugu er launamunurinn óverulegur. Við höfum alltaf vitað að einstæðar konur hafa laun á við karla. Kenningin um að konum sé mismunað á vinnumarkaði hefur alltaf verið hugarburður og ég held að „jafnréttislobbístarnir“ séu að verða uppiskroppa með hluti til að segja.“

Þá virðast konur í Bandraíkjunum einnig vera að ná ótrúlegum árangri. Á sumum svæðum hafa ógiftar konur farið langt fram úr körlum. Ég vitna í tímaritið Time³⁵ frá árinu 2010:

„Skv. Athugun sem unnin var af markaðskönnunarfyrirtæki meðal 2.000 borga og bæja, voru miðgildislaun ungra kvenna fyrir fullt starf 8% hærri en hjá körlum í samanburði. Þetta átti við 147 af 150 stærstu borgum landsins. Í tveimur borgum, Atlanta og Memphis, þéna konur að meðaltali 20% meira en karlar. Í New York þéna ungar konur að meðaltali 17% meira en ungir karlar og í Los Angeles 15% meira. Þetta er í takti við fyrri rannsókn Queens Háskóla í New York sem gaf til kynna hver þróunin væri í stórum borgum en þessar niðurstöður sýna að þróunin er hraðari og munurinn meiri en áður var talið þar sem konur í New York, Los Angeles og San Diego þéna, 17%, 12% og 15% meira en karlar að meðaltali. Þá má greina þessa þróun í smærri borgum eins og á Raleigh-Duram svæðinu og Charlotte í Norður Karólínu (14% munur konum í hag í báðum tilvikum) og Jacksonville í Flórída (6%).“

Skv. prófessor Andrew A. Beveridge, hjá Queens Háskólanum í New York er einföld skýring á því hversvegna konur eru að þéna meira en karlar að meðaltali. Í viðtali við Svenska Dagbladet segir hann:³⁶

„Einfalda skýringin er sú að konur eru nú betur menntaðar en karlar. Munurinn er gríðarlegur [...] Þetta þýðir einnig að konur fá betri störf.“

Þá sýna tölur frá nágrönnum okkar í Noregi að launamunurinn hefur verið að snúast við. Í könnun sem birt var í mars 2011, voru laun karla og kvenna skoðuð ári eftir að þau luku

diploma námi í lðnaðarhagfræði frá Norska Vísinda- og tækniháskólanum (NTNU). Meðallaun kvennana námu 437.000 norskum krónum en meðallaun karla námu aftur á móti 430.000 norskum krónum eða NOK 7.000 minna en kvenna.³⁷ Kona sem tekið er viðtal við í tengslum við þessa launakönnun lætur hafa eftir sér „*að mörg fyrirtæki hafi þá stefnu að ráða fleiri konur*“.

Í sjálfum NTNU þéna konur svo meira en karlar á sjö af sautján stærstu sviðum skólans. M.a. prófessorsstöðum og rannsóknarstöðum.³⁸

Það er líkast til bara tímaspursmál hvenær við sjáum viðsnúinn launamun í Svíþjóð þar sem við stefnum hraðbyri í átt til samfélags þar sem konur hafa almennt meiri menntun en karlar. Skv. tölum frá Hagstofunni³⁹ ljúka nú tvöfalt fleiri konur en karlar diplómanámi. Þetta hlutfall hefur verið nokkuð stöðugt frá árinu 2005.

Þessi þróun er auðvitað tifandi tímasprengja þegar kemur að jafnvægi milli kynja. Það stefnir í að eftir ekki langan tíma verði konur það kyn sem fær almennt hærri meðallaun en karlar.

Niðurstaða: Fullyrðingin um að konur fái minni laun en karlar fyrir sambærileg störf, er mýta.

„Það er konum erfiðara að ná starfsframa“

Þessi ósýnilegu feðraveldisöfl enn eina ferðina.

Algeng fullyrðing í kynjaumræðunni er að konur mæti svokölluðu glerþaki á framabraut sinni sem komi í veg fyrir að þær komist í toppstöður innan fyrirtækja. Konur komist því bara hluta leiðarinnar, er sagt, en svo eru þær stöðvaðar á framabraut sinni af körlum sem standi vörð um hagsmuni hvors annars og hlunnfari þannig konur einfaldlega vegna þess að þær eru konur.

Á þessa menn er ekki bent heldur er vísað til allra karla sem ósýnilegs og óformlegs valdakerfis eða *feðraveldis*. Það að vísa til óformlegs valdakerfis er vitaskuld hægur leikur þar eð það er ósýnilegt og því erfitt að færa sönnur á að það sé ekki fyrir hendi. En sönnunarbyrðin ætti auðvitað að hvíla á þeim sem ber fram sakirnar.

Karlar eru marksæknari

Höldum okkur við staðreyndir. Það eru margir eðlislægir þættir sem skýrt geta að karlar nái að meðaltali lengra á framabraut en konur. Enginn þessara þátta hefur nokkuð með mismunun eða kvenfjandsamleg viðhorf að gera. Það sem veldur ójöfnu hlutfalli karla og kvenna í svokölluðum toppstöðum, skýrist af mismunandi áherslum og vali kynja um þætti í eigin lífi.

Eins og áður kom fram í kaflanum um kynjamun sem afleiðingu félagsmótunar, þá eru mikilvægir líffræðilegir þættir ólíkir milli kynja. Vitaskuld eru frávik frá meginreglunni en við erum að tala um meðalmun á kynjum og hægt er að fullyrða að karlar eru að meðaltali:

- Kappsamari.
- Reiðubúnari að taka áhættu.
- Einbeittari þegar athygli þarf að beinast að einu verkefni í einu.

Þessir eiginleikar eru til þess fallnir að hafa veruleg áhrif á árangur í starfi og á starfsframa. Á flestum sviðum atvinnulífsins ríkir gríðarleg innbyrðis samkeppni. Það þýðir að örlítill munur í getu eða frammistöðu mun hafa mikil áhrif á samandregnar heildarniðurstöður. Þetta mætti bera saman við íþróttir þar sem sekúndubrot skilja að þann sem sigrar og þann sem tapar.

Það hafa verið gerðar margar rannsóknir á vægi mismunandi þátta í viðhorfum og nálgun kynja þegar kemur að árangri í starfi og starfsframa. Skoðum nokkrar.

Hvort kynið er uppteknara af starfsframa?

London School of Economics gerði áhugaverða rannsókn starfstengdum kynjamun. Rannsakendur komust að þeirri niðurstöðu að það er talsverður munur milli kynja þegar kemur að viðhorfum þeirra til starfs og starfsframa. Þetta hafði Dr. Catherine Hakim að segja:

„Stórar kannanir í Engandi og á Spáni hafa sýnt að konum má skipta í þrjá mjög ólíka hópa m.t.t. markmiða í lífinu, lífsgilda og metnaðar. Minnsti hlutinn eru konur sem teljast til framakvenna, þá er annar lítill hluti kvenna sem vill leggja alla áherslu á heimilis- og fjölskyldulíf og svo er það þriðji og stærsti hópurinn sem vill blanda saman starfsframa og fjölskyldulífi. Hjá körlum er aftur á móti miklu algengara að þeir leggi mikla áherslu á starfsframa, jafnvel þó lítill minnihluti vilji jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs.“⁴⁰

Þá skrifaði Catherine Hakim eftirfarandi í janúar 2011:

„Í flestum evrópulöndum hafa konur enn metnað til að „giftast upp“ ef þær geta, þ.e. giftast körlum sem eru betur menntaðir og hafa hærri laun en þær. Þetta mynstur er einnig sýnilegt á norðurlöndunum. Konur nota enn hjónabönd sem annan valkost eða viðbót við starfsframa sinn.“⁴¹

Í enn annari skýrslu frá Dr. Hakim, gefur hún dæmi um hvernig viðhorf leiða til þess að margar konur gefa starfsframa sinn upp á bátinn:

„Rannsóknir á lyfjafræðingum í Englandi, Bandaríkjunum, Kanada og Frakklandi sýna mikinn mun milli launa og starfa karla og kvenna innan fyrirtækja, jafnvel í þessari kynjablönduðu og kröfuhörðu grein. Launamunurinn innan greinarinnar í Englandi mældist 27%, enn hærra en þjóðarmeðaltal. Þennan mun mátti hinsvegar allan skýra með unnum vinnustundum, starfsaldri og tegund starfs. Ekki með kynja- eða kynþáttamismunun sem hægt er að segja að hafi verið útrýmt í þessari stétt þar sem aðkallandi skortur er á hæfu starfsfólki. Konur í greininni leggja áherslu á störf sem eru nálægt heimilum þeirra, hlutastörf, tímabundin störf og störf þar sem auðvelt er að samþætta vinnu og fjölskyldulíf. Karlar í greininni leggja aftur á móti áherslu á eignarhald, nokkuð sem leiðir af sér langa vinnudaga og aukna ábyrgð eins og í öllum sjálfstæðum atvinnurekstri. Í stórfyrirtækjum innan greinarinnar leggja þeir áherslu á starfsframa og að færast nær stjórnunarstöðum, nokkuð sem einnig leiðir af sér lengri vinnudaga en ella þar sem yfirvinna er gjaldið sem greitt er fyrir hærri laun. Þessi

*samanburður sýnir að það er ekki kynjamismunur sem stendur í vegi fyrir því að konur nái toppstöðum.*⁴²

Í nýlegri breskri rannsókn⁴³ unninni af The Institute of Leadership and Management, voru skoðuð viðhorf 3.000 karl- og kvenkyns þátttakenda til starfsframa. Niðurstöður sýndu að konur höfðu talsvert minni metnað fyrir störfum sínum en karlarnir og að auki þónokkuð minna sjálfstraust. Það er skoðun ILM að þetta séu líklegri skýringar á því að fáar konur eru í stjórnunarstöðum frekar en að um sé að ræða „glæpak“.

Í skýrslunni segir:

„Færri konur en karlar hafa metnað til að vera millistjórnendur, sviðsstjórar, að komast í framkvæmdastjórahóp fyrirtækis eða í stjórn þess.“

Þá segir Penny de Walk, framkvæmdastjóri ILM í viðtali við Daily Mail:

*„Konur huga meira að áhættunni sem fylgir stöðuhækkun og eru varfærnari gagnvart tækifærum sem þeim bjóðast á framabrot sinni“. Í undirfyrirsögn skrifar Daily Mail svo: „Glæpakið er hugaburður“.*⁴⁴

Tveir svíar sem rannsakað hafa starfsframa í kynjuðu samhengi eru þær Ebba Franke og Birgitta Ahlthorp. Saman skrifuðu þær bókina „*The Game in the Pyramids*“. Ég vitna til vefsíðu ráðgjafafyrirtækis annarara þeirra þar sem bókinni og innihaldi hennar er lýst.

„Sterkur grunur um að konur hefðu í raun minni áhuga á völdum eða aukinni ábyrgð í starfi, varð kveikjan að þessari bók. Birgitta Ahlthorp og Ebba Franke höfðu báðar reynslu af því að starfa við hefðbundin karlastörf. Ebba Franke, sem hefur starfað í framkvæmdastjórn margra fyrirtækja, hefur hvatt margar konur til að taka að sér stjórnunarstörf. Reynsla hennar er þó sú að loks þegar tækifærið gafst, gripu þær ekki gæsina. Þetta gerði mig mjög vonsvikna, segir hún og velti fyrir sér um leið hvort það geti verið að konurnar sem hrópi hvað hæast um að hafa ekki verið veitt tækifæri, finnst kannski bara þægilegra kvarta að vera þar sem þær eru.“

*„Birgitta bendir á nokkrar mögulegar ástæður fyrir þessu. Konur hafi tilhneygingu til að detta í fórnarlambshlutverkið. Þægilegra sé að horfa til annara kvenna en að láta slag standa sjálfar og í stað þess að falast eftir starfinu sem þær langar í, sækja þær í störf sem þær telji sig vissar um að ráða við.“*⁴⁵

Rannsóknir unnar af Chicago Háskóla⁴⁶ benda til þess að konur hafi mun minni áhuga en karlar á störfum þar sem laun ákvarðast af einstaklingsbundnum árangri. „*Þegar launamöguleikar byggðust eingöngu á samkeppnishæfni, voru karlar 94% áhugasamari um störfin en konurnar*“ segir John List, prófessor í Hagfræði. Þetta hlýtur að einhverju leyti að merkja minni áhuga kvenna á að fjárfesta *að fullu* í eigin starfsframa þegar starfið snýst um samkeppni og laun byggjast á árangri.

Þá var athyglisverð rannsókn gerð á starfsvali innan fræðasamfélagsins⁴⁷. Tveir prófessorar hjá Cornell Háskóla í Bandaríkjunum voru forvitnir að vita hversvegna svo fáar konur hösluðu sér völl innan vísinda, tækni og stærðfræðigreina. Þeir könnuðu því gögn 20 ár aftur í tímann og komust að því að lægra hlutfall kvenna í þessum greinum skýrðist ekki af mismunun. Það voru þættir í ákvörðunarferli kvennana sjálfra sem stýrðu þessu. Þættir eins og:

1. Konur sækja í greinar þar sem þær geta unnið með fólk fremur en hluti.
2. Konur velja barneignir framyfir starfsframa, einmitt á því aldursbili sem er krítískt þegar kemur að því að byggja grunn að starfsframa innan fræðigreina.
3. Einstaklingar með gott vald á stærðfræðigreinum eru að yfirgnæfandi meirihluta karlar.

Rannsakendurnir komust enn fremur að því að það reyndist að öðru jöfnu, ekki erfiðara fyrir konur en karla að ná frama í þessum greinum, raunar ættu þær auðveldara með það.

Þá sýnir nýleg rannsókn SIFO að í Svíþjóð hafa 40% karla *löngun* til að vinna við stjórnun en aðeins 30% kvenna. Það gera rúmlega 30% fleiri karlar en konur. Úrtak rannsóknarinnar voru einstaklingar á aldursbilinu 25 til 35 ára með minnst eina háskólagráðu en niðurstöður hennar voru kynntar í Ny Teknik þann 18. apríl 2011.

Það eru vinnustundirnar

Til að ná toppstöðum innan atvinnulífsins þarf mikla áræðni og vinnu. Í þessu sambandi er vert að nefna að tvöfalt fleiri konur en karlar hafa kosið að vinna hlutastarf í Svíþjóð. Skv. tölum Hagstofunnar skila karlar 82 milljónum vinnustunda á viku meðan konur skila einungis 60 milljónum vinnustunda. Karlar skila því 36% fleiri vinnustundum en konur sem er gríðarlegur munur.⁴⁸

Þetta er vitaskuld skýring fyrir þeim mun sem við sjáum á starfsframa kynja. „Það eru vinnustundirnar“, segir Monica Renstig, framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs kvenna og atvinnulífs, hjá Renstig Consulting Group. „*Þú getur ekki náð starfsframa í hlutastarfi*“, segir

hún. Þá segir hún: „*Það eru flestu vinnustundirnar sem tryggja þér sigur*“. Svenska Dagbladet dregur skilaboð hennar saman í grein⁴⁹ sem birtist í febrúar 2011: „*Konur þurfa einfaldlega að vinna meira ef þær hafa áhuga á að ná langt í starfi*“.

Það er margt sem bendir til þess að konur missi oft áhugann á seinni hluta starfsævi sinnar þrátt fyrir hafa komist vel áleiðis upp metorðastigann. Jacob Wallenberg segist hafa orðið var við það í sínum fyrirtækjum að konur hætti að klífa metorðastigann á milli 40 og 45 ára.

„*Einmitt þegar þær fara að koma alvarlega til greina sem hluti af yfirstjórn fyrirtækjanna, akkúrat þegar ég vil að þær séu hluti af teyminu, þá hætta þær*“, segir Wallenberg⁵⁰

Þá eru veikindadagar kvenna miklu fleiri en karla. Eftir barneign, þegar það á við, eru konur frá vinnu tvöfalt meira en karlar. Þetta sýnir skýrsla frá Vinnumálastofnun.⁵¹ Þetta hefur verið stöðugt síðustu 15 ár. Þetta hefur bein og óbein neikvæð áhrif á starfsframa þar sem mikil fjarvera kemur þér ekki beinlínis í toppstöðurnar.

Þá er vert að nefna að ótrúlega hátt hlutfall vinnandi sænskra kvenna er að íhuga að skipta yfir í hlutastarf eða jafnvel hætta alfarið starfi sínu. Könnun sem gerð var meðal 9.000 mæðra af Familjiliv.se⁵² sýndi að 67% sænskra kvenna vildu eyða meiri tíma með börnum sínum. Aukinheldur sýndi könnun⁵³ sem Aftonbladet gerði, að 70% kvenna sem svöruðu vildu gjarnan vera húsmæður á framfæri karla. Þó þessar tvær kannanir séu ekki fyllilega tölfræðilega marktækar, gefa þær a.m.k. vísbendingu um stöðuna.

Það gefur auga leið að viðhorf og áherslur sem þessar, hafa verulega slæm áhrif á starfsframa. Þessu mætti líkja við íþróttamann sem, eftir að hafa náð Ólympíugulli, ákveður að minnka æfingar um 30% og sleppir mörgum æfingum ásamt því að hugsa stanslaust um að gefa þjálfunina alfarið upp á bátinn. Jafnvel þó mikill fjöldi kvenna hugsar ekki svona, er samt nægjanlegur fjöldi kvenna sem það gerir. Nógu mikill til að hafa mælanleg áhrif kynjahlutföll í stjórnunarstöðum. Að klífa metorðastigann í atvinnulífinu er keppnisíþrótt. Jacob Wallenberg segir í áður nefndu viðtali:

„*Það kostar gríðarlega vinnu að ná á toppinn. Maður þarf að gangast við og virða þær kröfur til að ná þangað*“.

Enn annað dæmi um það hvernig karlar virðast ákafari og viljugri til að leggja hart að sér en konur, er að karlar eru viljugri til að flytjast búferlum en konur, krefjast starfið þess. Mannauðsfyrirtækið Transearch, sem sérhæfir sig í að leita að hæfum stjórnendum fyrir viðskiptavinum sínum gerði rannsókn⁵⁴ árið 2010 sem sýndi að tveir þriðju hlutar karla en aðeins

helmingur kvenna, sögðust myndu skoða búferlaflutninga til að taka áhugaverðu stjórnunarstarfi. 24% kvennanna aftók með öllu að flytjast en aðeins 10% karlanna.

Engin kynjakerfi finnast

Femínistar halda því gjarnan fram að konur mæti fyrirstöðu og sé mismunað af einhverju duldu kynja- eða valdakerfi innan atvinnulífsins. Þrír fræðimenn við Háskólann í Stokkhólmi gerðu nýlega rannsókn⁵⁵ á einmitt þessu. Úrtakið var fólk sem starfaði innan stjórnmála, fjármála-, og menningargeira yfir langt tímabil í fjórum sænskum bæjarfélögum. Niðurstaðan var afgerandi: Rannsakendur fundu engin ummerki um dulið valdakerfi kynja sem stæði í vegi fyrir því að konur næðu í stjórnunarstöður. Konur voru jafningjar karla.

Hið títt nefnda glerþak er ekki til. Ástæðan fyrir lágu hlutfalli kvenna í efstu lögum atvinnulífsins er sú að konur hafa ekki sömu áherslur í lífi sínu og karlar. Þær virðast síður viljugar en karlar, til að færa þær fórnir sem nauðsynlegar eru til að ná miklum starfsframa. Ég vitna aftur í Jacob Wallenberg:

„Ég hef ekkert á móti jafnrétti. Auðvitað vil ég að konur hafi sömu tækifæri og karlar til að þróa sinn starfsframa. En ég get ekki varist þeirri tilhugsun að ákveðnar konur vilji finna vandamálum sínum orsakir allstaðar annarsstaðar en hjá sjálfum sér, það er ekki hægt að leysa allt með kynjakvótum, nýjum reglum og breyttum viðhorfum. Á endanum verður hver og einn að lifa við það sem hann hefur kosið og taka afleiðingum þess. Konur verða að líta sér nær í þessum efnum“.

Vandinn við að fá konur í æðstu stöður (þrátt fyrir einlægan vilja til að velja frekar konur) birtist okkur í viðtali við Michaëla Blomquist, framkvæmdastjóra ráðningarstofunnar Michaël Berglund Executive Search. Þar lýsir hún vandamálinu í viðtali⁵⁶ sem tekið var við hana árið 2010.

„Viðskiptavinirnir vilja kannski konu. Manneskjan sem þeir leita að þarf að vera á aldrinum 37-43 ára. Það er ekki vegna mismununar, þetta er bara þeirra leið til að hafa fjölbreytta aldurssamsetningu í stjórnendateyminu. Viðskiptavinurinn er kannski þegar með tvö sem eru 55 ára. Sá sem að endingu verður ráðinn mun stjórna u.þ.b. 120 manns og þurfa þar af leiðandi að hafa stjórnað a.m.k. 50-60 manns áður. Síðan fer maður í listann og sér að flestar kvennana á þessum aldri eiga lítil börn, þær hafa þá kannski verið utan vinnumarkaðar í fjögur til fimm ár á meðan þær sinntu börnum og þær voru í kringum þrítugt þegar þær eignuðust börnin. Meirihluti þessara kvenna hefur ekki lagt að baki nauðsynlegan tíma í að

afla sér stjórnunarreynslu. Eins mikið og ég gjarnan vildi, þá get ég ekki útvegað viðskiptavinum mínum konu sem stjórnaði áður þremur starfsmönnum.“

Gjarnan heyrir eitthvað á þá leið að nóg sé til af hæfum konum innan fyrirtækjanna sem eru hæfar til æðstu stjórnunarstarfa sem ætti að endurspeglast í kynjahlutföllum. Þetta er örökrétt og fyrir því eru tvær ástæður. Sú fyrri er að þó vissulega sé mikið af hæfum konum innan fyrirtækja, þá er líka mikið af hæfum körlum. Flestir þeirra komast ekki í æðstu stöður fyrirtækisins. Hin ástæðan er að það er ekki endilega nóg að vera hæfur, þú gætir þurft að vera *yfirburðahæfur* til að veljast í yfirstjórn. Ekki bara það, heldur þarf snilligáfa þín að liggja á réttu sviði. Þá þarf viðmót og útgeislun að vera með þeim hætti að þú komir til greina. Það er ógrynni karla til sem eru klárir og jafnvel snillingar á sínu sviði sem aldrei komast í toppstöður. Klár kona hefur ekki heimtingu á að komast í toppstöður.

Hlutfall kvenstjórnenda á uppleið

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að kynjaskipting vinnumarkaðarins er ekki stöðug. Hvernig sem málin eru skoðuð sést að hlutfall kvenna, á mótum körlum, í stjórnunarstöðum fer ört hækkandi.

Markaðsrannsóknarfyrirtækið Nyckelistet sendi frá sér tölur⁵⁷ um kvenstjórnendur árið 2010. Skv. kennitölu/gildi sem fyrirtækið hefur þróað og á að sýna hlutfall kvenna á mótum körlum í stjórnunarstöðum, hefur hlutfallið farið úr 0.49 upp í 0.89 á þrettán árum. Það er hækkun um 75%. Sérfræðingur fyrirtækisins, Bino Catasús, segir að ef þessi aukning haldi áfram á sama hraða verði hlutfall kynja orðið jafnt árið 2014.

Samband Sveitarfélaga lýsti því yfir⁵⁸ árið 2007 að af 356 stjórnunarstöðum sem ráðið hefði verið í á undangengnum 12 mánuðum, hefðu 173 konur verið ráðnar og 183 karlar. Þetta er kynjahlutfall upp á 49/51%. Kynjajafnrétti hefur því þegar verið náð.

Þá hefur fjöldi kvenstjórnenda innan ríkisstofnana aukist gífurlega. Samband starfsmanna ríkisins sendi eftirfarandi frá sér⁵⁹ árið 2010:

„Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum hefur hækkað gífurlega hjá ríkinu. Þegar allt er tekið saman eru nú um 4.800 kvenstjórnendur sem jafngildir 38% allra stjórnenda hjá ríkisstofnunum. Fyrir tíu árum síðan var þetta hlutfall 21% og fjöldinn u.þ.b. 2.800 kvenstjórnendur. Ef þessi þróun heldur áfram munu kynjahlutföll hafa jafnast eftir sjö ár“

Vefsíðan Ekonoimfakta sendi frá sér tölur um fjölda kvenstjórnenda hjá opinbera geiranum í heild sinni. Skv. þeim sýna tölur frá 2009 að hlutfall kvenstjórnenda er 54%.⁶⁰

Samtök Atvinnulífsins skrifaðu þegar árið 2005 í skýrslu sína „*Göt í glerþakinu*“.

„Tölurnar sýna okkur greinilega að hlutfall kvenstjórnenda hefur hækkað gríðarlega á síðustu tíu árum. [...] Konur eru í meirihluta þegar skoðaðar eru tölur í yngri aldurshópum og þetta á við um alla flokka stjórnunarstarfa. Karlar eru aftur á móti í meirihluta þegar skoðaðir eru eldri aldushópar. Þetta endurspeglar þá þróun sem við sjáum, að kvenstjórnendum er að fjölga. [...] Þá vekur athygli að konum hefur á umliðnum tíu árum, verið að fjölga meðal byggingaverkfræðinga en þau störf eru stökkpallur í æðri stöður innan aðildarfyrirtækja Samtaka Atvinnulífsins“.

Þá sendu Samtök Atvinnulífsins frá sér nýjar tölur⁶¹ árið 2010 sem sýndu að hlutfall kvenstjórnenda fór enn vaxandi. Milli áranna 2009 og 2010 hafði hlutfall kvenstjórnenda hækkað um eitt prósentustig. Frá árinu 1998 hefur þetta hlutfall hækkað um eitt til tvö prósentustig á ári.

Hagstofan er á sömu línu og leggur áherslu á að konur séu í vaxandi mæli ráðnar í framkvæmdastjórastöður. Úr skýrslu þeirra.⁶²

„Við sjáum á tölum að hlutfall kvenna í flokknum ‚Stjórnunarstörf í einkageira‘ hefur hækkað um 50% milli áranna 2000 og 2009, úr 18% í 27%. Mesta aukningin var í flokknum ‚Framkvæmdastjórar‘ en hlutfall kvenna hækkar þar um 60% milli 2000 og 2009.“

Vefsíðan Ekonoimifakta greindi svo frá í apríl 2011:

*„Hlutfall kvenstjórnenda er breytilegt milli greina. Þróunin er þó sú að hlutfall kvenstjórnenda er að hækka í öllum greinum.“*⁶³

Allt virðist benda til þess að hlutfall kvenstjórnenda á móti karlstjórnendum, muni halda áfram að hækka. Ég vitna til orða Prófessors Andrew A. Beveridge, sem rannsakar Hag- og lýðfræði við Queens Háskóla í New York: „*Einfalda skýringin á þessari þróun er sú að konur hafa í dag betri menntun en karlar. Munurinn er gríðarlegur. 53% kvenna en aðeins 38% karla í New York höfðu Háskólapróf árið 2005. Þetta þýðir að konur fá betri störf.*“⁶⁴ Eins og þegar hefur verið rakið er bilið milli karla og kvenna á æðri menntastigum jafn raunverulegt í Svíþjóð eins og Bandaríkjunum.

Körlum mismunað þegar ráðið er í stjórnunarstöður

Hin almenna tilhneyging til að þýðast pólitísk öfl hefur leitt til þess að mörg fyrirtæki og stofnanir ríkisins reyna hvað þau geta til að auka hlutfall kvenstjórnenda innan sinna raða. Helst vilja þau ná fram *jafnstöðu* mjög fljótt þrátt fyrir skort á konum með nægjanlega reynslu í farteskinu. Þetta leiðir svo af sér „*jákvæða mismunun*“ í þágu kvenna, á kostnað karla, stundum leynt en stundum ljóst. Stundum er jafnvel gerð sú krafa strax í byrjun að nýr stjórnandi verði að vera kona.

Þetta leiðir svo af sér að það er margfalt auðveldara fyrir konu að ná á toppinn. Ég geng svo langt að fullyrða að oft gerist það að kona fær starf í stað karls sem er miklu hæfari í starfið. Þetta er auðvitað bein mismunun gegn körlum, jafnvel þó þetta sé gert í nafni „jafnréttis“.

Eftirfarandi er útdráttur úr ritgerðinni „*Amazonia – World of the Future Where Women Rule*“ eftir prófessor Arne Jernelöv. Þetta dæmi varpar ljósi á hvernig kyn konu er orðið veigameira en hæfni hennar:

„Stjórnendur franskrar ráðningarstofu fullyrða að þeir hafi verið neyddir til að endurskoða og breyta gagnagrunni sínum yfir fólk með sérfræðipækkingu og efnilega stjórnendur á síðustu árum. „Hlutfall karla var um 95% í gagnagrunninum en það mætti ekki kröfum viðskiptavina“ segir framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Í dag leggja öll fyrirtæki og stofnanir áherslu á að ráða konur. Nú skráum við efnilegar konur í grunninn, allt niður í þrjátíu ára gamlar. Karlar fóru jafnan ekki í grunninn fyrr en að hafa náð 40 ára aldri. Krafan um konur er hinsvegar svo hávær að reynsla og hæfni er nú í öðru sæti.“

Til að taka sambærilegt dæmi um „*jákvæða mismunun*“ í þágu kvenna skulum við aftur vitna í Michaëlu Blomquist, framkvæmdastjóra Michaël Berglund Executive Search úr sömu gein:

„Viðskiptavinir okkar vilja konur. [...] Við vorum nýlega með viðskiptavin sem var við það að ákveða að ráða konu í framkvæmdastjórategymi sem sölustjóra. Hún var 33 ára gömul, hafði takmarkaða stjórnunarreynslu en þótti efnileg. Að endingu réðu þeir þó aðra konu sem hafði meiri stjórnunarreynslu. Það sem var áhugavert var hreinskilni viðskiptavinarins um ástæður þess að fyrri konan náði jafn langt í ráðningarferlinu og raun bar vitni. Þetta hefði ekki gerst fyrir tíu árum síðan.“

Jacob Wallenberg lét hafa eftir sér í áðurnefndu viðtali:

„Ég hef varla komið að því að skipa karl í stjórn svo árum skiptir. Það má rekja það til jákvæðrar mismununar í þágu kvenna.“

Önnur tilvitnun í sömu grein:

„Vandamálið við skipun í stjórnir, segir Wallenberg, er að það er sjaldgæft að karlar hækki um tvö eða fleiri stig í einu en þess er krafist að við gerum það í tilviki kvenna.“

Körlum meinuð þátttaka í starfsþróunarkerfum

Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa jafnvel gengið svo langt að formbinda „jákvæða mismunun“ í þágu kvenna. Það eru dæmi um ýmiskonar þjálfunar- og leiðbeinendakerfi (e. mentoring programs) fyrir stjórnendur sem aðeins standa konum til boða til að aðstoða þær á framabrot sinni. Þessi kerfi er hægt að finna bæði í einkageira og hjá hinu opinbera. Þetta er auðvitað ekkert annað en bein mismunun gegn körlum.

Dæmi um þessar ívilnanir til handa konum er Krus. Stofnun sem ætlað er að aðstoða ríkið við að mannauðsstjórnun innan stofnana þess. Á vefsíðu Krus segir:

„Krus vinnur að því að auka hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum hjá stofnunum ríkisins. Við bjóðum þér upp á starfsframþjálfun (e. career coaching) ef þú ert kona og starfar hjá ríkinu. Í þjálfuninni felst að þú færð aðstoð við að þróa starfsframa þinn og skoða ólíkar leiðir sem henta metnaði þínum og hjálpa þér að ná árangri. Þú lærir aðferðir til að virkja möguleika þína og takast á við nýjar áskoranir. Námskeiðið samanstendur af einkatímum og hópvinnu og tekur um þrjá til fjóra mánuði.“

Meira að segja Ríkisféhirðir mismunar körlum. Á innra neti stofnunarinnar birtist eftirfarandi þann 19. Nóvember 2010:

„Vilt þú þróast í starfi og býrðu í Stokkhólmi, Gautaborg eða Malmö? Á næsta ári bjóðum við upp á leiðbeinendakerfi. Meðal leiðbeinenda verður fólk í leiðandi stöðum innan dómskerfisins sem vill hjálpa ungum konum í geiranum að komast í stjórnunarstöður.“

Háskólinn í Umeå hefur meira að segja þróað leið⁶⁵ sem þeir nefna „Hraðbraut“ og er til þess gerð að fjölga konum í prófessorsstöðum. Þannig var 20 til 25 konum sem álitnar voru hafa möguleika til að verða prófessorar, gefið tækifæri sem m.a. fól í sér dregið var úr kröfum um stjórnunar- og kennslureynslu svo þær gætu helgað meira af tíma sínum í rannsóknir. Þannig gátu þessar konur komist fyrr en karlar í prófessorsstöður innan skólans. Þá varði skólinn

jafnvirði um 400 milljóna íslenskra króna í verkefnið sem m.a. var notað til að ráða kvenkyns gestaprófessora til skólans.

The Royal Institute í Stokkhólmi lýsti því yfir⁶⁶ árið 2010 að til stæði að auka hlutfall kvenprófessora úr 8% upp í 15% innan tveggja ára. Það er næstum tvöföldun á kvenprófessorum. Þetta getur ekki átt sér stað nema til komi *jákvæð mismunun* í þágu kvenna. Gustav Amberg, aðstoðarrektor sagði að eftir 5-10 ár mætti búast við enn betri tölum, eða 40-60% hlutfalli kvenna. Taktu eftir að hann nefndi ekki 50% sem endanlegt markmið. The Royal Institute kallar þetta starfsþróunarkefi sitt „*Tenure Track*“.

Hér er svo enn eitt dæmi úr opinbera geiranum um að karlar séu flokkaðir sem annars flokks borgarar. Að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, hafa 200 konur tekið þátt í áætlun sem nefnd er „*Stjórnarvald*“ í samstarfi við starfsþróunarfélag ríkisins, Almi Företagspartner. Konunum hefur m.a. verið veitt þjálfun í stjórnarsetu og verið skipaður reyndur starfsþjálfari (e. mentor). Á grundvelli þessara kvennastyrkja hafa nú um 100 konum verið veitt sæti í stjónum opinberra fyrirtækja skv. úttekt⁶⁷ Dagens Industri.

Þá finnst mér vert að nefna að Ríkisendurskoðun gagnrýndi, árið 2010, þá staðreynd að meirihluti sitjandi fulltrúa í nefnd um skipan dómara – sem hefur mikið um það að segja hvaða dómarar eru ráðnir – eru meðlimir í femínistasamtökunum Hilda. Markmið Hilda er að fjölga konum í stjórnunarstöðum innan réttarvörslukerfisins. Meðal þess sem fram kom í gagnrýninni var að skoða ætti hvort þessar aðgerðir gætu haft neikvæð ímyndarleg áhrif á sænskt réttarkerfi.⁶⁸

Fimm ára útskúfun karla

Jákvæð mismunun í þágu kvenna á sér einnig stað í einkageiranum. Þannig hefur bifreiðaframleiðandinn SAAB svokallaða „*Jafnréttisáætlun*“⁶⁹ en í henni má t.d. lesa:

„*Minnst 30% stjórnenda sem ákvarða laun skulu vera konur fyrir árið 2015.*“

Þegar sett eru fram mælanleg markmið eins og þessi, getur það ekki falið í sér neitt annað en jákvæða mismunun í þágu kvenna. Þá er Volvo með starfsþjálfunarkerfi sem aðeins stendur konum til boða. Markmið þess er að koma konum í stjórnunarstöður. Verkefnið nefnist „*Walk the Talk*“ en árið 2010 hlaut það verðlaun frá femínistasamtökunum Fredrika Bremer Association.⁷⁰ Annað dæmi er „*Womentor*“ verkefnið sem fjármagnað er af samtökum Síma- og upplýsingatækifyrirtækja til að hjálpa konum á framabraut.

Eftirfarandi setning birtist í grein eins af stærstu dagblöðum Svíþjóðar og felur kannski í sér vísbendingu um það hve langt gengin þessi mismunun gegn körlum er:⁷¹

„Við leggjum þ.a.l. til eftirfarandi stefnuyfirlýsingu fyrir sænskt atvinnulíf: Næstu fimm árin munu allir 40 – 50 ára gamlir, hvítir, gagnkynhneigðir karlar með ljóst hár og blá augu, verða settir neðst á forgangslistann við ráðningar hjá Háskólum, hjá fréttamiðlum og í stjórnnum fyrirtækja.“

Þessi grein var birt árið 2007 í Sydsvenska Dagbladet og var, ásamt öðrum, undirrituð af upplýsingafulltrúa stéttarfélags kennara.

Við getum dregið þennan kafla saman í eftirfarandi: Það eru engar hindranir á vinnumarkaði sem beinast sérstaklega að konum. Kapphlaupið um starfsframa er erfitt kapphlaup fyrir bæði kynin. Það er ekkert glerpak og það að konur eigi erfiðara uppdráttar en karlar á vinnumarkaði er mýta. Að öllu öðru jöfnu eru það konur sem í dag njóta forgjafar fram yfir karla á vinnumarkaði.

Ég vil enda þennan kafla á tilvitnun í ritgerðina „*Amazonia – World of the Future Where Women Rule*“ eftir Dr. Arne Jernelöv:

„Megininntak ritgerðar þessarar er að kvennabyltingin sem nú hefur staðið í meira en 100 ár, þar sem konur rísa upp úr því að vera undirsátar karla, mun halda áfram. Hún mun halda áfram fram yfir þann punkt þar sem segja má að jafnrétti ríki milli kvenna og karla hvað varðar völd og áhrif í samfélaginu. Þetta mun leiða til Amazonia, samfélags þar sem konur deila og drottna“.

„Karlar eru almennt gerendur í ofbeldismálum, konur þolendur“

Hér er aðeins horft í eina átt.

Sú trú hefur fest rætur í Svíþjóð að ofbeldi gegn konum sé verulega útbreitt vandamál. Ekki bara ofbeldi yfir höfuð, heldur *ofbeldi gegn konum*.

Í þingræðum undanfarinna fimm ára kemur orðasambandi „*ofbeldi gegn konum*“ fyrir alls 1.364 sinnum. Orðasambandi „*ofbeldi gegn körlum*“ kemur hinsvegar fyrir aðeins 61 sinni á sama tímabili. Ofbeldi gegn konum er skv. þessu gefið 22 sinnum meiri athygli en ofbeldi gegn körlum.⁷²

Yfirvöld standa fyrir hverju áttakinu á fætur öðru sem aðeins er ætlað að sporna við „*ofbeldi karla gegn konum*“. Önnur birtingarmynd þessarar stefnu er að á vefsíðu Forvarnarmiðstöðvar gegn glæpum (Brottsförebyggande rådet) má finna eftirfarandi tvo undirflokkas ofbeldis; „*ofbeldi gegn börnum*“ og „*ofbeldi gegn konum*“. „*Ofbeldi gegn körlum*“ er þar hvergi að finna.

Langflestir þolendur ofbeldis eru karlmenn

En hverjar eru staðreyndir málsins. Jú, karlar eru langfjölmennasti hópur þolenda ofbeldis.

Til að gæta sanngirni í samanburði er mikilvægt að skoða alla flokka ofbeldis. Ekki bara ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimila. Ofbeldisverknaður sem leiðir til höfuðkúpabrots og varanlegrar örorku, svo dæmi sé tekið, er alveg jafn slæmur fyrir fórnarlambið hvort sem atburðurinn átti sér stað innan eða utan veggja heimilis hans. Eins og ofbeldisorðræðan ber með sér í dag, er athygli nánast einvörðungu beint að heimilisofbeldi. Ákveðin tilhneyging virðist vera til að líta fram hjá sársauka karla í þessu sambandi (ég mun fjalla um heimilisofbeldi sérstaklega í lok þessa kafla).

Kynnum okkar nýjustu ofbeldistölfræði frá Forvarnarmiðstöð gegn glæpum fyrir árið 2010. Eftirfarandi eru nokkur dæmi úr gagnagrunni þeirra sem fengin eru úr upplýsingum lögreglu um *tilkynnt* brot:

- 135 karlar á móti 95 konum voru fórnarlömb morðs, manndráps eða líkamsárásar sem leiddi til dauða. Samsagt 42% fleiri karlar en konur létust af völdum ofbeldis þetta ár.
- 594 karlar á móti 197 konum voru fórnarlömb morð- eða manndrápstilrauna. Það gerir þrisvar sinnum fleiri karla en konur.
- Þegar tölur yfir „*alvarlegar líkamsárásir*“ þar sem fórnarlömb eru yfir 15 ára, eru skoðaðar kemur í ljós að karlkyns fórnarlömb voru 4.272 á móti 1.116 konum. Alvarlegar líkamsárásir beinast því að körlum í ferfallt meira mæli.
- Þegar skoðaðar eru tölur yfir allar líkamsárásir (alvarlegar og minni háttar) á fólki yfir 18 ára aldri kemur í ljós að karlar eru 40.910 en konur 26.261. Karlar eru 56% fleiri en konur.
- Í tilviki unglinga á aldrinum 15 til 17 ára kemur í ljós að 4.989 drengir voru fórnarlömb á móti 3.021 stúlkum eða 65% fleiri drengir en stúlkur.
- Þegar um ofbeldi gegn börnum á aldrinum 7 – 14 ára er að ræða eru drengir 5.784 á móti 3.121 stúlkubarni eða 85% fleiri drengir en stúlkur.
- Ef við skoðum alla ofbeldisbrotaflokka saman, þ.m.t. nauðgun, kemur í ljós að karlar eru fórnarlömb í 54.769 tilvikum á móti konum í 42.417 tilvikum en skv. þessu eru karlar fórnarlömb í þriðjung fleiri tilvikum en konur.

Annars konar tölfræði má finna í skýrslu um öryggi borgaranna sem Forvarnarmiðstöð gegn glæpum lét gera árið 2010. Hér er um að ræða tölur sem fengnar eru með spurningakönnunum en ekki tölum lögreglu um tilkynnt brot. Eftirfarandi tölur eiga við árið 2009:

- 3.0% karla á móti 1.8% kvenna sögðust hafa mátt þola ofbeldi í einhverri mynd árið áður. Það gera 67% fleiri karlar en konur.
- Þegar spurt er um alvarleg ofbeldisbrot segjast 0,7% karla en 0,4% kvenna hafa orðið fyrir því. 75% fleiri karlar en konur.

Þessar niðurstöður eru í takti við tölur um tilkynnt eða kærð brot.

Önnur skýrsla sem inniheldur áhugaverða tölfræði er skýrslan „*Könnun á heimilisaðstæðum*“ frá Hagstofunni. Þar er að finna upplýsingar um fjölda karla og kvenna sem segjast hafa orðið fyrir ofbeldi sem leiddi til áverka. 3,6% karla og 2,4% kvenna sögðust hafa orðið fyrir því á árinu 2007 sem gera um 50% fleiri karla en konur.

Hvernig sem á málið er litið, eru karlar og drengir miklu stærri hópur fórnarlamba ofbeldis en konur og stúlkur. Þetta er sérstaklega áberandi þegar um alvarlegt ofbeldi er að ræða. Þrátt fyrir þetta berjast stjórnvöld aðeins gegn ofbeldi því sem beinist gegn konum. Ef við skoðum, í samhengi, muninn á því hve oft orðasamböndin „*ofbeldi gegn konum*“ og „*ofbeldi gegn körlum*“ koma fyrir í sænskum þingræðum og raunverulega hlutfallsskiptingu kynja sem fórnarlömb ofbeldis, má segja að kvenkyns fórnarlömb ofbeldis séu álitin 37 sinnum mikilvægari en karlkyns fórnarlömb.⁷³

Frændur vorir danir, hafa ekki sömu rörsýn á málin en ráðherra jafnréttismála þar í landi gaf árið 2008 út skýrsluna „*Ofbeldi gegn körlum í Danmörku*“ (*'Vold mod mænd i Danmark'*)

Heimilisofbeldi

Hingað til höfum við aðeins rætt ofbeldi í heild sinni. Undirflokkur ofbeldis, sem hirt hefur nánast alla athygli yfirvalda, er *heimilisofbeldi*. Almenn virðist litið svo á í Svíþjóð að samnefnari sé milli heimilisofbeldis og ofbeldis karla gegn konum. Þetta er mýta sem drifin er áfram af femínískri hugmyndafræði. Karlar eru nefnilega einnig fórnarlömb heimilisofbeldis.

Mismunandi rannsóknir leiða til mismunandi niðurstaðna um það hver sé kynjaskipting fórnarlamba heimilisofbeldis. Margar kannanir gera ekki einu sinni ráð fyrir að konur geti beitt ofbeldi og spyrja því ekki karlkyns svarendur um reynslu sína af því. Það eru þó til sænskar rannsóknir sem skoða hlut karlkyns þolenda og ef leitað er utan landsteinanna má finna margar rannsóknir sem skoða heimilisofbeldi án kynjapólitískra áhrifa. Þeir sem kjósa að kynna sér þessar rannsóknir verða þess fljótt áskynja að ofbeldi gegn körlum er einnig alvarlegt félagslegt vandamál.

Skoðum nú nokkrar af þeim rannsóknum sem beinast að heimilisofbeldi. Forvarnarmiðstöð gegn glæpum skrifaði í skýrslu sína „*Ofbeldi í nánum samböndum*“ frá árinu 2009, að munurinn á fjölda karla og kvenna sem þola heimilisofbeldi sé lítill sem enginn. En þeir skrifa líka að ofbeldið sem beinist gegn konum sé „*oft endurtekið*“, sé „*oft alvarlegra*“ og „*hafi neikvæðari afleiðingar fyrir fórnarlömbin*“.

Árið 2006 framkvæmdi Gävle Háskólinn í Svíþjóð rannsókn sem síðar varð hluti af rannsókn sem tók til 30 landa. U.þ.b. 900 sænskir nemar svöruðu spurningum um reynslu sína af heimilisofbeldi sem gat af sér gagnagrunn 200.000 spurninga og svara. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar:

- Konur beita ofbeldi jafn mikið og karlar í nánum samböndum.

- Tvöfjórðungur fleiri konur en karlar viðurkenna að hafa átt upptökin af ofbeldinu.
- Hlutfall karla og kvenna sem sögðu að ofbeldið hefði leitt til meiðsla er nokkurnveginn jafnt.

„[Það] er bæði barnalegt og rangt að halda því fram að konur beiti karla ekki ofbeldi“ segja aðstandendur rannsóknarinnar, Prófessor Peter Gill og Carita Remahl í blaðagrein sem birtist í Dagens Nyheter.⁷⁴

Ofbeldi kvenna gegn körlum umfangsmikill vandi

Svona kemst Klara Hradilova Selin hjá Forvarnarmiðstöð gegn glæpum að orði:⁷⁵ „Þrjár af hverjum fjórum konum sem beita ofbeldi notast við barefli. Það sama gerir þó aðeins einn af hverjum þremur körlum“.

Árið 2002 kom út mjög vel unnin skýrsla á vegum heilbrigðisyfirvalda á Írlandi, um heimilisofbeldi. Titill skýrslunnar var „Men and Domestic Violence: What Research Tells Us“. Niðurstöður hennar byggði á hvorki meira né minna en 13 risastórum rannsóknum frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Nýja Sjálandi.

Hér eru nokkrar tilvitnanir sem þykja lýsandi fyrir niðurstöðuna:

„Rannsóknirnar sem voru skoðaðar sýna að konur eru að minnsta kosti jafn líklegar og karlar til að grípa til ofbeldis. Þetta á jafnt við um líkamlegt og andlegt ofbeldi, vægt og alvarlegt. Kynjahlutfall er jafnt hvað þetta varðar.“

„Allar rannsóknarniðurstöður í töflu 3.3 sýna að á síðasta ári beittu konur alvarlegra ofbeldi gegn körlum heldur en karlar gegn konum.“

„Niðurstöðurnar í töflu 3.8 sýna að konur eru almennt líklegri en karlar til að eiga upptökin að heimilisofbeldi [...] Þetta er í andstöðu við viðtekin viðhorf um að þegar konur beiti ofbeldi megi helst rekja það til sjálfsvarnar eða hefndar.“

Femínistar „eiga“ ofbeldismálaflokkinn

Einnig má finna áhugaverða tölfræði⁷⁶ frá Breska Innanríkisráðuneytinu sem sýnir að fórnarlömb heimilisofbeldis á árunum 2004 til 2009 voru í 40% tilvika karlar.

Dr. Martin S Fiebert hjá Kaliforníuháskólanum hefur tekið saman áhugavert safn rannsókna um heimilisofbeldi⁷⁷. Alls um 99 rannsóknir byggðar á niðurstöðum fegngnum frá samtals 77.000 þátttakendum. Og niðurstaðan? Konur eru alveg jafn árásgjarnar ef ekki árásgjarnari en sambýlismenn þeirra.

Linda Kelly, lagaprófessor við Háskólann í Virginíu, vann viðamikla rannsókn á ofbeldi kvenna í garð karla⁷⁸. Niðurstöður hennar má draga saman með eftirfarandi: Konur slá menn sína nokkurnvegin jafn oft og karlar slá konur sínar. Þrátt fyrir þetta er nánast ekkert gefið út um ofbeldi kvenna gegn körlum og almennt litið svo á að heimilisofbeldi sé samnefnari fyrir ofbeldi karla gegn konum. Sú þöggun sem umlíkur ofbeldi kvenna leiðir til þess að kvenkyns gerendur komast upp með ofbeldið og fórnarlömb þeirra fá ekki hjálp. Prófessor Kelly hefur þessi orð um það áhugaleysi sem virðist vera á að fá ofbeldi kvenna upp á yfirborðið:

„Þetta aðgerðarleysi [gagvart ofbeldisfullum konum] helgast af því að femínistar eiga og stjórna ofbeldismálaflokknum“.

Þá létu yfirvöld í Noregi gera könnun á heimilisofbeldi meðal ungs fólks (meðalaldur 22 ára). Niðurstöðurnar voru kynntar árið 2003 og sýndu að u.þ.b. 50% fleiri karlar en konur voru fórnarlömb ofbeldis. 6% karlanna og 4% kvennana höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi síðasta hálfa árið áður en könnunin var gerð.⁷⁹

Karlkyns fórnarlömb forsmáð

Sú skömm sem fylgir körlum sem þola mega ofbeldi af hálfu kvenna, gæti valdið því að raunverulegar tölur um tíðni ofbeldis kvenna gegn körlum sé mun hærri en ofangreindar tölur benda til. Rannsóknarlögreglumaðurinn Tommy Hoff rannsakaði ofbeldisglæpi í Skaraborg og lét hafa eftir sér:⁸⁰

„Ég er sannfærður um það að [...] fjöldi mála er varða ofbeldi kvenna gegn körlum eru ekki tilkynnt. Sumir glæpir eru tabú og þetta er einn þeirra. Það passar illa við sjálfsmynd karla að vera fórnarlömb, hvað þá fórnarlömb ofbeldis af hendi kvenna.“

Það eru einnig til upplýsingar um að þegar karlar tilkynni um ofbeldi kvenna gegn sér, þá taki lögregla þá ekki alvarlega. Það virðist ekki óalgengt að tilraunum karla til að kæra konur fyrir ofbeldi sé mætt með hlátri. Þá njóta karlkyns fórnarlömb heimilisofbeldis einnig minni þjónustu innan heilbrigðiskerfisins en konur.

Þannig skrifaði Dagens Nyheter árið 2010 um finnska neyðarþjónustu sem sætt hafði gagnrýni fyrir kynjafordóma. Karlmaður hafði hringt hvað eftir annað og beðið um hjálp þar sem honum fannst sér ógnað af konu sinni. Í stað þess að lögregla væri send af stað fékk hann spurningar eins og „*Lætur þú konuna þína berja þig?*“. Starfsmaðurinn sem svaraði símanum spurði manninn svo hve þungur hann væri og sagði að lokum að í ljósi þess að maðurinn og konan væru í svipaðri þyngd, yrði þetta nokkuð sanngjarn slagur.⁸¹

Skyldi það vera algengt að konur líti á það sem rétt sinn að slá mann ef þær langar til þess? Furðuleg spurning kannski? Ekki ef þú skoðar niðurstöður fjölþjóðlegrar rannsóknar þar sem 6.500 konur í 36 Háskólum voru spurðar. Yfir 74% þeirra fannst það í fullkomnu lagi að beita eiginmenn eða sambýlismenn sína ofbeldi.⁸²

Niðurstöður þessa kafla eru þær að karlmenn verða fyrir ofbeldi í miklu mun meira mæli en konur. Það er líka umtalsvert algengara að konur slái karlmenn en látið er í veðri vaka í kynjaumræðunni. Það er þ.a.l. mýta, sem haldið er fram, að þegar komi að kynbundnu ofbeldi þá sé ofbeldi karla gegn konum mest. Það að tala um heimilisofbeldi á þeim nótum að eina viðfangsefnið sé að berjast gegn ofbeldi karla gegn konum er ósanngjarn áróður.

„Konur vinna tvöfalt starf“

Og karlar þá bara eitt?

Mjög algengt er að heyra það í kynjaumræðunni að konur vinni tvö störf en karlar aðeins eitt. Það er blæbrigðamunur á því hvernig þessi staðhæfing, um að konur beri meiri birðar, birtist.

Eftirfarandi er dæmi um það hvernig þessi hugmynd birtist og vitna ég hér í Shadé Jalali, sérfræðing í jafnréttismálum hjá stéttarfélaginu The Union:⁸³

„Til viðbótar við fulla vinnu bera konur svo mesta ábyrgð á heimilinu og börnunum. Þetta leiðir til streitu og álags því ekki hverfa börnin þegar konur fara til vinnu sinnar. Þá fá konur ekki eins mikinn tíma til að sinna líkams- og heilsurækt.“

Eins og sjá má er hér engu líkara en að konur vinni þrjú störf en ekki bara tvö. Hún er ekki ein um halda slíku fram. Þetta hefur Barbro Wijma, prófessor í lyflækningum kvenna að segja í viðtali við dagblaðið Östgöta Correspondenten:⁸⁴

„Leiddu t.d. hugann að öllum konunum sem vinna að minnsta kosti þrjú störf í dag og líður eins og þær séu að missa stjórn á lífi sínu.“

Það að prófessor Wijma segi „að minnsta kosti“ hlýtur að þýða að hún trúir því að sumar konur vinni fjögur störf, jafnvel fimm störf. *Að minnsta kosti.*

Karlar bera mestar birðar

Skoðum nú staðreyndir málsins. Á tíu ára fresti vinnur Hagstofan nákvæma rannsókn á því hvernig konur og karlar verja tíma sínum. Rannsóknina kalla þeir „*Ráðstöfun tíma*“. Síðasta rannsókn var gerð 2000 – 2001. Þar sjáum við eftirfarandi:

- Það er rétt að konur vinna meiri heimilisstörf en karlmenn.
- Karlmenn vinna hinsvegar meira utan heimilis en konur.
- Ef þú leggur saman launavinnu og heimilisstörf kemur í ljós að karlar vinna að meðaltali 8 klukkustundir og 16 mínútur á dag. Konur hinsvegar 7 klukkustundir og 57 mínútur.

- Skv. þessu vinna karlmenn 19 mínútum meira á dag en konur.
- Meðal þeirra sem sögðust finna til streitu í daglegu lífi voru lítillega fleiri karlar en konur.

Ef þú segir, eins og femínistar gera gjarnan, að konur taki megin ábyrgð á heimilisstörfum þá getur þú á móti sagt að karlar taki megin ábyrgð á öflun heimilistekna. Bæði störfín þarf að vinna og mikilvægast er að þau séu bæði unnin í þágu parsins eða fjölskyldunnar.

Þá er nokkuð áhugavert að skoða hvernig einstæðingar ráðstafa tíma sínum milli launvinnu og heimilisstarfa. Varla er hægt að tala um ójafnrétti í tilviki slíkra heimilisgerða. Skv. sömu könnun kemur í ljós að í hópnum „*einstæð/ur og barnlaus*“ á aldrinum 20 til 44 ára, verja einstæðar og barnlausar konur um 26 mínútum meiri tíma í heimilisstörf en einstæðir og barnlausir karlar á degi hverjum. Fyrir samskonar hóp en á aldrinum 45 til 64 ára kemur í ljós að einstæðar og barnlausar konur verja daglega um 20 mínútum meiri tíma í heimilisstörf en einstæðir og barnlausir karlar á þessum aldri.

Þetta virðist benda til þess að konur hafi einfaldlega meiri áhuga á heimilisstörfum en karlar. Vandséð er að það ætti ekki að spila inn í það hvernig pör eða hjón kjósa í sameiningu að verja tíma sínum. Að minnsta kosti hluta þess aukatíma (m.v. karla) sem konur verja í heimilisstörf hlýtur að verða að skoðast sem meðvitað val þeirra sjálfra á lífsstíl, hverskonar heimili þær vilja búa sér og sínum o.s.fv.

Við getum gengið út frá því, skv. þessum rannsóknum Hagstofunnar, að bæði kynin leggji sitt af mörkum við rekstur heimilisins en karlar eilítið meira. Þó verður að huga að því hvernig greitt er fyrir ólíka vinnu. Á vinnumarkaði þar sem karlar verja meiri tíma en konur, eru laun greidd beint fyrir unna vinnu. Fyrir heimilisstörf, þar sem konur verja meiri tíma en karlar eru laun greidd óbeint þar eð konan fær auðvitað hlutdeild í launatekjum karlsins á grundvelli sameiginlegs framlags þeirra til reksturs heimilisins. Það er því rangt að segja að heimilisstörf séu ólaunuð eins og svo oft vill brenna við í kynjaumræðunni.

Í sambandi eða hjónabandi þar sem fjárhagur er sameiginlegur, skiptir tegund starfs (utan eða innan heimilis) ekki máli þar sem heimilið ráðstafar tekjunum í þágu beggja eða allra fjölskyldumeðlima. Þ.a.l. skiptir það ekki máli að heimilisstörf séu ekki launuð með beinum hætti. Bent hefur verið á tvö vandamál með tilliti til þessa.

Par heldur fjárhag sínum aðskildum

Hér kemur auðvitað verr út fyrir þann sem innir af hendi meiri heimilisstörf að fjárhag sé haldið aðskildum með þeim afleiðingum að viðkomandi fær ekki hina óbeinu umbun.

Þegar að skilnaði kemur

Sem betur fer er tiltölulega einföld lausn til við þessu. Við ættum auðvitað að hafa lög sem tryggja það að lífeyrisréttindi sem ávinnast í sambúð eða hjónabandi skiptist jafnt á milli hjóna eða sambúðarfólks eftir skilnað eða sambúðarslit, rétt eins og þegar annar aðilinn deyr.

Allar aðrar eignir skiptast jafnt svo segja má að þegar sé til staðar hefð sem byggja má á. Slík lög ættu auðvitað að ná yfir séreignasparnað líka. Það er í raun undarlegt að þetta sé þegar í umræðunni hjá stjórnmalafólki.

En hvað með fólk í óskráðri sambúð? Nú, ef þú kýst að búa í óskráðri sambúð þá hefur þú kosið að fara á mis við réttindi þau sem gift fólk og fólk í sambúð nýtur.

Þegar öllu er á botninn hvolft, sýna fyrirliggjandi staðreyndir að hugmyndir femínista um að konur vinni meira en karlar í Svíþjóð eru rangar. Fullyrðingin að konur vinni tvö störf en karlar aðeins eitt er mýta.

„Konur fá verri heilbrigðisþjónustu en karlar“

Já er það?

Við heyrum oft fullyrðingar um að konur fái verri heilbrigðisþjónustu en karlar sem aftur á móti njóti forréttinda á ýmsan hátt.

Þessi hugmynd fékk byr undir báða vængi með útgáfu skýrslunnar „*(in)equality in health and care – a gender medicinal information overview*“ sem unnin var fyrir sænsku stjórnarsýsluna. Niðurstaða skýrslunnar ætti svosem ekki að koma neinum á óvart sem þekkir til höfundarins, kynjafræðingsins Goldina Smirthwaite.

Mýtan um að konur fái lakari heilbrigðisþjónustu en karlar greinist niður í nokkrar staðhæfingar. Skoðum hverja fyrir sig.

„Lyf eru prófuð á körlum, fyrir karla“

Þetta er ein algengasta fullyrðingin úr mengi hugmynda um að konur fái lakari heilbrigðisþjónustu en karlar. Að lyf í þróun séu prófuð á körlum og virki þ.a.l. ekki eins vel fyrir konur. Þessi mýta er svo útbreidd að hún hefur jafnvel ratað inn í kannanir á vegum hins opinbera. Eftirfarandi fullyrðingu má t.d. finna í rannsókn hins opinbera varðandi lyfjaiðnaðinn: „*Þrátt fyrir að konur séu meirihluti sjúklinga er rannsóknum lyfjaiðnaðarins að mestu beint að körlum*“.

Svona rangfærslur verða þó ekki að sannleik þó þær birtist í skjölum frá hinu opinbera. Kynnum okkur staðreyndir málsins. Þetta má t.d. finna á vef sænska lyfjaeftirlitsins:

„*Tvær útbreiddar mýtur eru að lyf séu eingöngu prófuð á körlum og að það sé umtalsverður munur á virkni lyfja eftir því hvort neytandinn er karl eða kona. Sannleikurinn er aftur á móti sá að konur taka þátt í lyfjaprófunum í sama mæli og karlar. [...] Gegnumgangandi er hverfandi munur á verkun og hliðarverkunum lyfja eftir því hvort neytandi þeirra er karl eða kona.*“

Og þetta hafði Jane Ahlqvist-Rastad hjá Lyfjaeftirlitinu að segja⁸⁵ við Svenska Dagbladet um þá fullyrðingar þess efnis að lyf væru aðeins prófuð á körlum: „*Já það virðist hreinlega*

ómögulegt að leiðrétta þessar rangfærslur. Við gefum reglulega út leiðréttingar á þessu en enginn hlustar og ekkert breytist. Það er bara þögn um þetta“.

Fullyrðingin um að lyf séu aðeins prófuð á körlum fyrir karla er mýta.

„Konur njóta verri hjartalækninga“

Önnur algeng fullyrðing er að konur njóti ekki eins góðrar þjónustu heilbrigðistkerfisins þegar kemur að hjartasjúkdómum. Þetta er endurtekið í sífellu og gekk svo langt að ríkissjónvarpsstöðin SVT stóð fyrir gerð sjónvarpsþátta um málið „*Om ett hjarta*“.

Til að hrekja þessa femínísku mýtu, skrifuðu 15 hjartalækningar hjá sænska háskólasjúkrahúsinu, flestir prófessorar og helmingur þeirra konur, grein í Dagens Nyheter undir yfirskriftinni „*Mýta að konur njóti verri hjartalækninga*“. Ég gríp hér niður í inngang greinarinnar:

„Fréttir fjölmiðla eru einfaldlega rangar: Það er engin kynjamismunin í Svíþjóð þegar kemur að meðhöndlun hjartasjúkdóma. Sjónvarpsþættirnir „Om ett hjarta“ og mikið af fréttumfjöllun í kjölfarið gefur gjörsamlega ranga mynd af stöðu mála. Þetta er til þess fallið að vekja tilefnislausan ótta meðal sjúklinga og ættingja þeirra um að konur með hjartasjúkdóma fái ekki fullnægjandi meðferð við sjúkdómum sínum. Staðreynd málsins er sú að hér eru á ferðinni gamlar mýtur um hjartalækningar sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Við ástundum nákvæma og stöðuga gæðastjórnun á sænskum hjartadeildum og viljum fullvissa núverandi og verðandi sjúklinga að það er enga kynjamismunin að finna þegar kemur að meðhöndlun hjartasjúkdóma.“

Meistaraneinn Rose-Marie Isaksson við Háskólann í Umea kemur inn á þessa sömu mýtu nokkrum árum seinna. Ég vitna í skrif frá mars 2011:

„Að einkenni hjartasjúkdóma séu ólík milli karla og kvenna er útbreidd hugmynd. Þetta er hinsvegar mýta eins og Rose-Marie Isaksson sýnir fram á í Doktorsritgerð sinni við Háskólann í Umea. Einkenni hjartasjúkdóma hjá konum eru ekki frábrugðin einkennum sem karlar sýna og konur þurfa ekki að bíða lengur en karlar eftir að fá þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Raunar sýna rannsóknir hennar að miklu algengara sé að einkenni séu eins en að þau séu frábrugðin en þessu komst hún að eftir að hafa rannsakað hjartaáföll hjá 6.500 einstaklingum á aldrinum 25 til 47 ára skv. dagblaðinu Västerbottens-Kuriren.“⁸⁶

Samsagt, fullyrðingin „konur njóta verri hjartalækninga en karlar“ er mýta.

Meint mismunun gegn konum á öðrum sviðum heilbrigðisþjónustunnar

Það hefur verið gerður fjöldinn allur af rannsóknum, af mismunandi gæðum og markmiðum, til að skoða sænskt heilbrigðiskerfi í kynjuðu tilliti. Sumar þeirra benda til þeirrar niðurstöðu að konur þurfi að bíða lengur en karlar eftir þjónustu, konur fái lakari bráðaðþjónustu og að konum séu gefin ódýrari lyf en körlum.

Ég ætla ekki að gagnrýna forsendur einstakra rannsókna hér, en bendi á að rannsórnarniðurstöður fara auðvitað eftir því að hverju er spurt og hvað viðkomandi ákveður að mæla. Það er í tísku í dag að leita eftir dæmum um mismunun gegn konum. Ég fullyrði að margar þessara rannsókna eru ekki hlutlaust unnar heldur hafi markmið rannsækenda frá upphafi, verið að sýna fram á mismunun gegn konum. Á þeirri forsendu hafna ég því að þessar rannsóknir geti talist fullnægjandi sönnun þess að konum sé kerfisbundið mismunað innan heilbrigðiskerfisins.

Og hvers vegna?

Í fyrsta lagi vegna þess að það eru einnig til rannsóknir sem benda til að karlar fái verri heilbrigðisþjónustu en konur. Þær rannsóknir fá vanalega ekki viðlíka fjölmiðlaumfjöllun og rannsóknir sem benda til hins gagnstæða en vitaskuld geta meinsemdir innan heilbrigðiskerfisins haft neikvæð áhrif á bæði kynin.

Í öðru lagi er erfitt að segja til um það fyrir víst að raunverulega sé um að ræða verri þjónustu, jafnvel þó það geti virst svo við fyrstu sýn. Setjum t.d. svo að rannsókn sýni að konur hjá tiltekinni heilbrigðisstofnun hafi þurft að bíða lengur en karlar eftir þjónustu. Það er kunn staðreynd að karlar bíða lengur en konur með að leita sér læknaaðstoðar þegar eitthvað bjátar á. Ástand þeirra er því mögulega alvarlegra og jafnvel krítískt í fleiri tilfellum þegar þeir loks leita sér aðstoðar. Það eitt gæti skýrt þennan mun.

Þannig segir í ritstjórnargrein sem birtist í Svenska Dagbladet um biðtíma eftir lækniþjónustu:⁸⁷

„Ekki er heldur allt sem sýnist [...] karlar yfir sextugu eru fjórum sinnum líklegri en konur til að fá hjartaáfall. Ef karl og kona á þessum aldri sitja á sömu biðstofunni og grunur leikur á um hættulegan hjartasjúkdóm, væri það þá ójafnrétti að veita karlinum þjónustu á undan konunni? Ekki endilega.“

Það er umstalsverður munur á heilsufari kynjanna sem getur hæglega haft áhrif á niðurstöðu svona rannsókna án þess þó að skýringa sé að leita í kynbundinni mismunun. Sú staðreynd ein að karlar leita sér seinna aðstoðar en konur getur skýrt margt. Það að konur leita miklu mun oft til lækna getur einnig skýrt ýmsan mun sem mælist í þessum rannsóknum. Kannski konur telji sig ekki þurfa að hafa jafn alvarleg einkenni og karlar til að taka ákvörðun um að leita til læknis. Þriðja veigamikla atriðið sem gerir mælingar sem þessar erfiðar, er sú staðreynd að konur lifa lengur en karlar. Elstu aldurshóparnir samanstanda því af mun fleiri konum en körlum, einmitt þegar þörfin fyrir heilbrigðisþjónustu er gjarnan mest.

Konur nota heilbrigðisþjónustu í meira mæli en karlar

Það er vel þekkt innan heilbrigðistgeirans að karlar eru ekki eins reiðubúnir og konur að leita sér aðstoðar þegar þeir finna til krankleika. Þeir koma því gjarnan þegar heilbrigðisvandamál hafa ágerst meira en hjá konum. Við skulum kynna okkur nokkrar heimildir um þetta. Fyrst er það Christina Fabian, heimilislæknir og forseti Evrópusambands Heimilislækna. Hún skrifar í tímaritið Distriktslákaren:⁸⁸

„Karlar leita sér sjaldnar aðstoðar en konur. Sérstaklega hjá heimilislæknum. Kannski karlar upplifi hindranir við að leita til heimilislækna? Kannski er þjónustan miðuð um of við konur og börn? [...] Flestir karlar vinna fulla vinnu og taka sér síður frí til að heimsækja heimilislækni á vinnutíma. Það liggur í þeirra lyndi að taka meiri áhættu sem gæti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að leita sér aðstoðar“

Þá hafa nokkrir sérfræðingar hjá Skania Háskólasjúkrahúsinu rannsakað ólíka hegðun kynja sem sækja þurfa heilbrigðisþjónustu. Juan Merlo, Yfirlæknir og Prófessor sagði þannig í viðtali við Kristianstadsbladet:⁸⁹

„Konur koma oft, karlar koma of seint“

Læknatímaritið Research & Medicine tók viðtal við Birgittu Hovelius, prófessor við Háskólann í Lundi þar sem hún rannsakar heilbrigðisþjónustu í kynjuðu tilliti. Hún segir:⁹⁰

„Það kann að vera að karlar forðist það að sýna veikleika og það leiði til þess að þeir veigri sér við að leita aðstoðar lækna í sama mæli og konur.“

Þá skrifaði kynjafræðingurinn Stina Backman Doktorsverkefni sitt „Sick Man“ um einmitt þetta. Í viðtali við UNT sagði hún:⁹¹

„Margir karlar bíða með að láta kanna grunsemdir sínar um krabbamein í blöðruhálskirtli eða getuleysi þrátt fyrir að getuleysi geti verið merki um alvarlega hjartasjúkdóma og að krabbamein í blöðruhálskirtli sé algengasta krabbamein sem hrjáir karla. Þetta er ímynd karlmannsins, hann er marksækin og hugsar ekki um smáatriðin. Hann lítur framhjá minniháttar verkjum og skellir sér bara í vinnuna“

Hvað varðar fullyrðingar um að konur þurfi að bíða lengur en karlar eftir heilbrigðisþjónustu, þá eru niðurstöður rannsókna mjög misvísandi. Heilsuhagfræðingurinn Gustav Tinghög kannaði biðlista á sex svæðum í Gotlandi árið 2007. Í Doktorsritgerð sinni⁹² skrifar hann að engar vísbendingar hafi fundist um að kyn skipti máli þegar komi að bið eftir heilbrigðisþjónustu.

Hvernig karlar fá verri þjónustu

Til mótvægis við rannsóknir sem sýna, eða virðast sýna, fram á að konur fái lakari þjónustu en karlar hjá heilbrigðisstofnunum, langar mig að kynna hér nokkrar niðurstöður rannsókna sem benda til hins gagnstæða. *Þ.e. að karlar fái verri þjónustu en konur.*

- Í fyrsta lagi getum við sagt að veikindi kvenna kosti samfélagið um SEK 32 milljarða meira á ári en veikindi karla. Þar af um SEK 13 milljarða í beinum læknis- og umönnunarkostnaði en SEK 19 milljarða vegna þess að konur eru oftast frá vinnu vegna veikinda en karlar.⁹³ Það liggur ekki fyrir hvort túlka megji fleiri veikindadaga kvenna sem svo að konur séu oftast veikar en karlar. Ólík kynhlutverk gætu skýrt þennan mun og það að læknar virðast viljugri til að skrifa upp á vottorð fyrir konur en karla með sömu einkennum (Meira um það síðar í þessum kafla).
- Konur fá umtalsvert meira en karlar af ávísuðum lyfjum. Skv. upplýsingum úr gagnagrunni heilbrigðisyfirvalda⁹⁴ sést að á árinu 2009 voru 38 milljónir lyfseðla gefnir út til karla en 60 milljónir lyfseðla til kvenna. Konur fá því ávísað á sig lyfjum í 58% meira mæli en karlar. Þá er hlutfall karla meðal sjúklinga, sem fá engum lyfjum ávísað á sig, einnig hærra en kvenna. Árið 2009 fengu 2,7 milljónir karla ávísað lyfjum en 3,5 milljónir kvenna.
- Konur fá ávísað meira af sýklalyfjum en karlar þrátt fyrir að tíðni sýkinga sé hærri meðal karla.⁹⁵
- Um það bil 30% kvenna og 20% karla glíma við svefnvandamál. Þrátt fyrir það fá konur tvisvar sinnum meira af svefnlyfjum ávísað á sig en karlar.⁹⁶

- Konur fá ávísað á sig þunglyndislyfjum tvisvar sinnum oft en karlar þrátt fyrir þá staðreynd að karlar fremja sjálfsvíg í umtalsvert meira mæli en konur (nokkuð sem nánast alltaf er bein afleiðing þunglyndis).⁹⁷
- Til eru rannsóknir sem benda til að greiningaraðferðir á þunglyndi gagnist betur við að greina sjúkdóminn hjá konum en körlum.⁹⁸
- Rannsóknir á þunglyndi hafa um langt skeið snúið að konum en ekki körlum.⁹⁹
- Konur eru boðaðar í skimun eftir brjóstakrabbameini en ekki karlar eftir krabbameini í blöðruhálskirtli þrátt fyrir að blöðruhálskrabbamein kosti fleiri mannlíf.
- Fleiri sænskir karlar en konur þjást af offitu og verða fyrr fyrir heilsutengdum vandamálum vegna offitu. Þó er algengara að konur fari í hjáveituaðgerðir eða fái lyf við offitu.¹⁰⁰
- Eftirfarandi eru lokaorð rannsóknar á heilbrigðisþjónustu í Stokkhólmi sem náði til fólks yfir 85 ára:¹⁰¹ „Það er niðurstaða okkar að konur fái of mikla heilbrigðisþjónustu en karlar of litla“
- Skv. rannsókn sem unnin var fyrir Jönköping sýslu kom í ljós að konur sem fara í krabbameinsrannsókn vegna brjóstakrabbameins fá oft rannsóknarniðurstöður innan 24 klukkustunda á meðan karlar sem bíða rannsóknarniðurstaðna v. blöðruhálskrabbameins þurfa að bíða í 2-3 vikur eftir niðurstöðu.¹⁰²
- Rannsókn lækna við Háskólasjúkrahúsið í Uppsölum, í samstarfi við Karólínska sjúkrahúsið og heilbrigðisyfirvöld, bendir til þess að konur sem greinast með flogaveiki fái betri meðferð en karlar. Taugasérfræðingar komi oftast að meðferð þeirra og þær fá oftast ný lyf sem innihalda *lamotrigine* og *levetiracetam*.¹⁰³
- Skv. rannsókn unninni af Sambandi Sveitarfélaga á heilbrigðisþjónustu í kynjuðu tilliti virðast konur fá betri og skjótari þjónustu en karlar.¹⁰⁴
- Skv. upplýsingum frá Sambandi Sveitarfélaga fer um 80% af svokölluðum endurhæfingartryggingum í sálfræðimeðferð en þrír af hverjum fjórum tryggingaþega eru konur.¹⁰⁵
- Og síðast en ekki síst: Það hefur verið opnuð heilsugæslustöð í Gautaborg sem aðeins þjónustar konur.¹⁰⁶

Það hefur komið í ljós að undir undir sumum kringumstæðum reynist það karlmanni erfiðara að fá veikindaleyfi en konu sem fengið hefur sömu greiningu. Skv. rannsókn á greinum í lækna ritum hvað varðar greiningu á þunglyndi og verkjum sem gerð var af Care Centre í Kålmården, fær aðeins um einn af hverjum tíu (10%) karlmönnum sem greinast með þunglyndi langtímaleyfi frá vinnu á meðan 9 af hverjum 15 konum fær það (60%). Konur sem greinast með verki fengu veikindaleyfi tvisvar sinnum oft en karlar.¹⁰⁷

Niðurstaðan er þá þessi: Það er margskonar munur á atferli kvenna og karla sem falið geta í sér fullgildar skýringar á því að kynin fái ólíka heilbrigðisþjónustu. Margar rannsóknir virðast benda til þess að konur fái lakari heilbrigðisþjónustu en karlar en á hinn bóginn virðast margar rannsóknir benda til þess að karlar fái lakari þjónustu en konur.

Af þessu leiðir: Það eru engar forsendur fyrir fullyrðingum um að konur fái verri heilbrigðisþjónustu en karlar.

Hvoru kyninu er mismunað í sjúkdómarannsóknum?

Önnur fullyrðing er að sjúkdómarannsóknir miðist frekar við karla en konur. Að rannsóknir og prófanir séu gerðar á körlum í þágu karla – eða það er fullt í kynjaumræðunni. Er þetta rétt?

Ég hef þegar skrifað um það að ný lyf eru prófuð á bæði konum og körlum. En hvað með annarskonar rannsóknir, sjúkdómarannsóknir? Eru til slíkar rannsóknir „á körlum, fyrir karla“?

Það er enginn grundvöllur fyrir slíkum fullyrðingum. Allir sem kynna sér málin munu finna gnótt rannsókna sem aðeins er gerð á konum, sennilega af pólitískum ástæðum. Eitt mikilvægasta svið sjúkdómarannsókna eru krabbameinsrannsóknir.

Skoðum tölfræðina.¹⁰⁸ Lítillega fleiri karlar en konur láta lífið vegna krabbameins (árið 2009 létust 11.686 karlar og 10.796 konur). Flestar tegundir krabbameins leggjast jafnt á karla og konur. Það getur því verið áhugavert að skoða, í kynjuðu tilliti, krabbameinsrannsóknir, einkum á brjóstakrabbameini (sem nánast aðeins konur fá) og blöðruhálskrabbameini (sem aðeins karlar fá).

Árið 2009 létust 1.378 konur (og 18 karlar) úr brjóstakrabbameini. Á sama tíma létust 2.424 karlar úr krabbameini í blöðruhálskirtli.¹⁰⁹ 75% fleiri deyja úr karlakrabbameininu en úr kvennakrabbameininu. Og hvernig endurspeglast þetta í fjárframlögum sænska Krabbameinsfélagsins til rannsókna á þessum sjúkdómum?

Bara alls ekkert. Sænska Krabbameinsfélagið gaf SEK 9 milljónir til rannsókna á brjóstakrabbameini árið 2000 en aðeins SEK 6 milljónir til rannsókna á blöðruhálskrabbameini á sama tíma. Konurnar fengu 27% meira. Og bilið hefur bara breikkað: Árið 2009 gaf Krabbameinsfélagið SEK 32 milljónir til rannsókna á brjóstakrabbameini en aðeins SEK 16 milljónir til rannsókna á blöðruhálskrabba. Konur fengu því tvöfalt meira en karlar þrátt fyrir að karlakrabbinn kosti 75% fleiri mannlíf.

Ef þú reiknar þessar upphæðir niður á krónur per dauðsfall konu og dauðsfall karls, færðu út að hverri konu sem lét lífið voru helgaðar SEK 24.000,- en hver karl sem lét lífið stóð aðeins fyrir SEK 6.900,- af framlögum til krabbameinsrannsókna. Þannig mætti með réttu segja að kvenmannslíf sé metið á nánast fjórum sinnum hærra verði en líf karlmanns ef notast er við krabbameinsrannsóknir sem mælistiku.

Þessu er eins háttað utan Svíþjóðar. Þannig skrifar t.a.m. London Times: „*Fyrir hvern karlmann sem greinist með blöðruhálskrabbamein fæst aðeins um fjórðungur þess rannsóknarfjár sem fæst fyrir hverja konu sem greinist með brjóstakrabbamein*“¹¹⁰. Rannsóknir á brjóstakrabbameini í Bandaríkjunum fengu opinbera styrki upp á \$872 milljónir á meðan rannsóknir á blöðruhálskrabbameini hlutu aðeins \$390 milljónir.¹¹¹ Semsagt, rannsóknir á krabbameini kvenna fengu tvisvar sinnum meira fé en rannsóknir á krabbameini karla.

Snúum okkur þá að rannsóknum á hjartasjúkdómum. Svið sem femínistar fullyrða oft að konur sitji á hakanum. Hinir áður nefndu 15 hjartasérfræðingar, sem skrifuðu grein í Dagens Nyheter, sögðu m.a. þetta: „*Síðasta mýtan sem við viljum kveða niður er að konur séu sniðgengnar í rannsóknum á hjartasjúkdómum*“. Þrátt fyrir þetta hafa samtök hjarta og lungnasjúklinga frá árinu 2006 staðið fyrir söfnunum fyrir rannsóknir á hjartasjúkdómum kvenna undir heitinu "Rädda Kvinnohjartat – Go Red". Undarlegt í ljósi þess að fleiri karlar en konur látast af völdum hjartasjúkdóma. Skv. tölum frá 2009 létust 15.915 karlar og 14.618 konur sem gerir 9% fleiri karla en konur.¹¹²

Eftir því sem best er vitað eru nákvæmlega engin rannsóknarsvið sem á annað borð fást við sjúkdóma sem leggjast á bæði kynin, sem hampa körlum sérstaklega. Slíkt yrði álitíð siðlaust. Getur þú ímyndað þér fyrirsögnina „*Styrktu rannsóknir á hjartasjúkdómum karla*“? Rannsóknir í þágu kvenna virðast hinsvegar vera í lagi.

Við getum því lokið þessum kafla með því að segja að það eru engin teikn um að konum sé mismunað innan heilbrigðiskerfisins. Raunar þvert á móti.

Eftirmáli höfundar

Fylgdu peningaslóðinni.

Ég hef nú farið yfir sex femínískar mýtur. Mýtur sem hvað eftir annað eru settar fram í kynjaumræðunni sem sannleikur en eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Allar eiga þær það sameiginlegt að ganga út á að konum sé mismunað eða að konur verði á annan hátt fyrir ósannngirni í samanburði við karla. Hinar femínísku mýtur eru vitaskuld fleiri. En þessar sex sem ég kaus að skoða hér, eru þær sem eru hvað mest áberandi.

Maður hlýtur að velta fyrir sér hvernig svona mýtur verða til, hversvegna og hvaða áhrif þær hafa á samfélagið sem við búum í.

Mýtur fæðast oft þegar fræðafólk með pólitísk markmið vinnur rannsókn eða skrifar skýrslur sem litaðar eru af hinu pólitíska markmiði. Markmiðinu er skipaður forgangur fram yfir hlutlægni og fræðileg vinnubrögð. Það er t.d. auðvelt að beita rannsóknarfókus á þann hátt að mikilvægir þættir í þeim veruleika sem verið er að rannsaka, sjást ekki. Þá er einnig auðvelt að forma spurningar með hætti sem þjónar þessu markmiði rannsakanda. Þetta eru aðeins tvær af fjölmörgum leiðum sem hægt er að fara til að komast að niðurstöðu sem er ekki í neinu samræmi við raunveruleikann.

Næst er að dreifa mýtunni. Fjölmíðlasamsteypur okkar bera mikla ábyrgð hér. Margir (en ekki allir) fréttamenn skoða skýrslur og rannsóknir femínista ekki með gagnrýnum hug svo fremi að þær virðast vera í takti við femíníska hugmyndafræði. Gengið er út frá því að allt sem sagt er um mismunun gegn konum hljóti að vera rétt. Upp frá því er vitnað í hina fram komnu heimild í annari viðlíka rannsókn og á endanum myndast einskonar bergmálsáhrif þar sem vöndar rannsóknir vitna í vöndar rannsóknir á víxl. Þetta viðgengst þar sem það hefur svo lengi þótt pólitískt rétt að viðurkenna femínískar hugmyndir.

Smiðshöggið er svo rekið þegar áhrifafólk í samfélaginu, álitsgjafar, stjórnálamenn og „sérfræðingar“ vitna í mýtuna sem þar með breytist í „viðtekin sannindi“

En hvað veldur þessum femínísku mýtum? Svárið er einfallt og beinist að fólkinu sem hefur hag af því að þessar mýtur verði að viðurkenndum sannleik. Við höfum komið okkur upp flóknum og margslungnum iðnaði, *jafnréttisiðnaði*, sem samanstendur af ráðgjöfum, fræðafólki, rannsakendum, stofnanafulltrúum, fyrirlesurum, dálkahöfundum, kynjafræðingum, kynjafræðikennurum og öðrum „kynjasérfræðingum“. Allir hagnast þeir á þessu og byggja

störf sín og sjálfsmynd upp á þessum hugmyndum, um að konum sé mismunað af körlum. Allir hjálpast þeir svo við að halda tónlistinni gangandi.

Jafnréttisiðnaðurinn hefur fyrir löngu verið stofnanavæddur. Fulltrúar hans sitja í valdamiklum embættum innan margra stofnana samfélags okkar. Það þýðir að þeir ná ráðstöfunarvaldi yfir opinberum sjóðum sem aftur þýðir að iðnaðurinn getur viðhaldið sjálfum sér. Þeir sem jafnréttisiðnaðurinn samanstendur af, eiga mikið undir því að spilaborgin þeirra hrynji ekki. Þessir hagsmunir skýra það hversvegna þeir sem gagnrýna þessa spilaborg mæta jafn mikilli heift og raun ber vitni.

Femínískar mýtur eru skaðlegar á margan hátt. Þær styrkja rangt fólk og þjóðfélagshópa til áhrifa. Þessar mýtur beina rannsóknum, lagasetningum og öðrum samfélagsaðgerðum í rangan farveg. Þær skaða einnig einstaklinga og ég hef móttengið fjöldan allan af tölvupóstum frá ungum körlum sem hafa brennt sig á því að stofna til sambanda með þær ranghugmyndir í kollinum að konur og stúlkur hugsi og hegði sér nákvæmlega eins og karlar og drengir.

Femínískar mýtur menga líka andrúmsloftið milli karla og kvenna. Þessar mýtur hafa stuðlað að nánast stríðsástandi milli kynja í Svíþjóð í stað þess að kynin bæti hvort annað upp og stuðli þannig að gagkvæmum persónulegum ávinningi. Femínískar mýtur standa í vegi fyrir uppbyggingu heilbrigðs samfélags og þær standa svo sannarlega í vegi fyrir raunverulegu jafnrétti. Bæði kynin tapa á femínískum mýtum.

Raunverulegt jafnrétti er aðeins hægt að byggja á sannleika. Á mýtum er aðeins hægt að byggja spilaborgir og þar til þær hrynja hýsa þær fyrst og fremst óréttlæti í ýmsum myndum.

Vertu velkominn á bloggsíðu mína, Genus Nytt (Kynjafréttir) þar sem ég ræði málefni kynja út frá sjónarhorni raunverulegs jafnréttis.

<http://www.genusnytt.se>

1. 'The Essential Difference: The Truth about the Male and Female Brain', Simon Baron-Cohen, 2003
2. Article 'Omöjlig kamp för att uppnå likhet mellan könen', DN.se op-ed page (available online, date n/a)
3. Article 'His Brain, Her Brain', Scientific American, May 2005
4. 'Varför är vi olika? kvinna and man, svart and vit, kropp and själ', Arne Müntzing, 1976
5. Article 'Hormoner styr hur barn leker', Aftonbladet. Available online, date n/a
6. Article 'Biological limits of gender construction', American Sociological Review, Vol 65, No 3, pp 443-457
7. Article 'Prenatal phthalate exposure and reduced masculine play in boys', International Journal of andrology
8. Article 'Fetal Testosterone Predicts Sexually Differentiated Childhood Behavior in Girls and in Boys', Psychological Science
9. Article 'Foetal testosterone and the child systemizing quotient', European Journal of Endocrinology, vol 155
10. Handbook of social psychology, Volume 1, page 639, Susan T Fiske, Daniel T Gilbert, Gardner Lindzey
11. Article 'HisBrain, HerBrain', ScientificAmerican, May 2005, 'Human sex differences in social and non-social looking preferences at 12 months of age', Svetlana Lutchmaya, Simon Baron-Cohen
12. Paper 'The Essential Difference: the male and female brain', Phi Kappa Phi Forum 2005 (Special issue on the Human Brain)
13. Paper 'The Essential Difference: the male and female brain', Phi Kappa Phi Forum 2005 (Special issue on the Human Brain)
14. Paper 'The Essential Difference: the male and female brain', Phi Kappa Phi Forum 2005 (Special issue on the Human Brain)
15. Article 'Risky Business - Women Have Higher Testosterone In Financial Careers', Science 2.0, 24 August 2009
16. Article 'Lär sig flickor and pojkar olika?' Illustrerad Vetenskap, 16 March 2011
17. Article 'His Brain, Her Brain', Scientific American, May 2005
18. Handbook of social psychology, Volume 1, page 639, Susan T Fiske, Daniel T Gilbert, Gardner Lindzey
19. Article 'Young female chimpanzees appear to treat sticks as dolls', 20 December 2010, PhysOrg.com
20. Williams CL and Pleil KE. 2008. 'Toy story: Why do monkey and human males prefer trucks? Comment on 'Sex differences in rhesus monkey toy preferences parallel those of children'', Hassett, Siebert an Wallen
21. Alexander G and Hines M. 2002. 'Sex differences in response to children's toys in nonhuman primates, Evolution and Human Behavior'
22. Paper 'The Essential Difference: the male and female brain', Phi Kappa Phi Forum 2005 (Special issue on the Human Brain)
23. Article in DN Debatt, 'Långt färre kvinnliga än manliga genier'. Available online, date n/a
24. Article 'Omöjlig kamp för att uppnå likhet mellan könen', DN Debatt. Removed from the web but copies still available - search for the title, date n/a
25. Op-ed 'Därför flyttar jag in Linna', Aftonbladet 1 February 2011
26. 'Utvecklingen av löneskillnader mellan statsanställda kvinnor and män åren 2000 - 2009', Arbetsgivarverket 2010

27. Lönar det sig? - en tillbakablick. Lönenivåer, lönespridning and löneutveckling i landsting and regioner 1994 - 2002. (July 2003)
28. 'Lika eller inte - om män and kvinnor i lönestatistiken', Svenskt Näringsliv, June 2005
29. 'Är kvinnor utsatta för lönediskriminering?', article in Ekonomisk Debatt 1997, vol 25 nr 1, Eva M Meyerson PhD, professor Trond Petersen
30. Book 'Women don't ask', Linda Babcock, Sara Laschever, see also womendontask.com
31. McGovern et al (2007), 'Market, Class and Employment', Oxford University Press, mentioned in 'Feminist Myths and Magic Medicine', Catherine Hakim, p 21
32. 'Vad säger den officiella lönestatistiken om löneskillnaden mellan kvinnor and män 2009?', Medlingsinstitutet September 2010
33. Article 'Young women move ahead of men in the salary stakes as pay gap shrinks', Daily Mail, 10 December 2010
34. Article 'Young women move ahead of men in the salary stakes as pay gap shrinks', Daily Mail, 10 December 2010
35. Article 'Workplace Salaries: At Last, Women on Top', Time, 1 September 2010
36. 'Utbildade kvinnor går om männen', Svenska Dagbladet, 5 March 2010
37. Article 'Nå tjener jentene mer enn guttene', Adressa.no, 31 March 2011
38. Article 'Her tjener kvinner mer enn menn', Adressa.no, 7 March 2011
39. 'Utbildningsstatistik Årsbok 2011', SCB
40. 'Models of the Family in Modern Societies: Ideals and Realities', Catherine Hakim, 2003, mentioned in her paper 'Feminist Myths and Magic Medicine' p 22
41. 'Feminist Myths and Magic Medicine, Catherine Hakim, p 24
42. 'Social Change and Innovation in the Labour Market', Catherine Hakim, Oxford University Press, 1998, summarised in her article 'Feminist Myths and Magic Medicine', p 20
43. Article 'The 'glass ceiling' is all in the mind: Women lack confidence and ambition at work says new survey', Daily Mail, 21 February 2011
44. Article 'The 'glass ceiling' is all in the mind: Women lack confidence and ambition at work says new survey', Daily Mail, 21 February 2011
45. http://baps.se/bocker/spelet_i_pyramiderna.shtml
46. Article 'Women Less Interested Than Men in Jobs Where Individual Competition Determines Wages', ScienceDaily, 13 January 2011
47. Article 'Women's Choices, Not Discrimination, to Blame for Mediocre Progress', bnet.com, 8 February 2011
48. Press information 'Lägre ökningstakt av antalet arbetslösa', Statistiska Centralbyrån, 28 April 2010. Figures are for March 2010
49. Article 'Timmarna avgör', Svenska Dagbladet Näringsliv 6 February 2011
50. Article 'Det krävs enormt mycket arbete att nå toppen' i E24 Näringsliv 20 May 2009
51. 'Kvinnors and mäns sjukfrånvaro', Institutet för arbetsmarknadspolitisk utvärdering, 2011
52. 'Sverigemamman 2010', Familjeliv.se
53. Article 'Drömmen: En man som ger lyx', Aftonbladet, 28 September 2010
54. Article 'Manliga chefer villiga att flytta för nytt jobb', tidningen Chef, 27 October 2010
55. Survey 'Women in power: Sex differences in Swedish local elite networks', mentioned by Ekonomistas 28 January 2010 in the article 'Är dolda könsstrukturer en myt?'
56. Article 'Ta ledarskapsroller tidigt', Veckans Affärer, 5 October 2010

57. Article 'Fler kvinnor når toppen', Svenska Dagbladet Näringsliv, 7 April 2010
58. Press information from Sveriges kommuner and landsting, 8 March 2007
59. Press information from Arbetsgivarverket, 'Kvinnliga chefer in stark frammarsch i staten', 17 May 2010
60. Ekonomifakta, ekonomifakta.se, cf 'Kvinnliga chefer per bransch'
61. Press information from Svenskt Näringsliv, 'Fortsatt ökning av kvinnliga chefer', 2 July 2010
62. Report 'Vad säger den officiella lönestatistiken om löneskillnaden mellan kvinnor and män 2009?', Medlingsinstitutet.
63. Ekonomifakta, ekonomifakta.se, cf 'Kvinnliga chefer per bransch'
64. Article 'Utbildade kvinnor går om männen', Svenska Dagbladet Näringsliv, 5 March 2010
65. Press announcement from Umeå Universitet, 'Första omgången av satsningen att öka antalet kvinnliga professorer är klar', 27 April 2010
66. Press information from KTH 31 March 2010: 'Glastaket som stoppar kvinnliga professorer krossas'
67. Article 'Projekt gav fler kvinnor i styrelser', Dagens Industri, 6 November 2010
68. Article 'Riksrevisionen vill utreda kvinnligt nätverk för jurister', Affärsvärlden 30 April 2010
69. Article 'VA krossar chefsmyterna', Veckans Affärer 28 October 2010
70. Article 'Pris till chefsutbildare and Volvochef', Göteborgs-Posten, 9 November 2010
71. Op-ed 'Ställ de självklara sist i rekryteringen', Zoran Alagic, Kurdo Baksi, Sydsvenskan, 9 January 2007
72. Total per phrase in parliamentary protocols 2006/2007, 2007/2008, 2008/2009, 2009/2010, 2010/2011 (up to 1 March 2011)
73. Statistics 3.0%/1.8% for those reporting having been victimised by abuse according to Nationella Trygghetsundersökningen 2010 from Brottsförebyggande Rådet
74. Article in DN Debatt, 'Kvinnor lika våldsbenägna som män i parförhållanden', 27 January 2005 (removed from website but copies can be found online)
75. Article 'Kvinnors våld mot män utreds', Dagens Nyheter, available at DN.se, date n/a
76. Article 'More than 40% of domestic violence victims are male, report reveals', The Guardian, 5 September 2010
77. Report 'References Examining Assaults by Women on Their Spouses or Male Partners'
78. Report 'Disabusing the definition of domestic abuse: How women batter men and the role of the feminist state', Florida State University Law Review, vol 30, available online
79. Article 'Vold og krenkelser i unge menneskers parforhold', Tidskrift for Den norske legeforening, 15/2003
80. Article 'Kvinnovåld mot män tystas ner', Dagens Nyheter, available at DN.se, date n/a
81. Article 'Får du in käften av din fru?', Dagens Nyheter, 17 May 2010
82. Article 'Survey finds male abuse approval', BBC website, 18 June 2006
83. Article 'Trippelarbete bakom kvinnors sjuktal', Kollega website, 10 February 2011
84. Article 'Kvinnor behöver ta kontrollen', Corren.se (available online, date n/a)
85. Article 'Testas läkemedel bara in män?', Svenska Dagbladet, 10 February 2008
86. Article 'Myter om hjärtinfarkt', Västerbottens-Kuriren website, 28 March 2011
87. Article 'Tyvärr stämmer ofta fördomarna', Svenska Dagbladet, 31 August 2007
88. Article 'Om mäns hälsa - Mäns hälsa i ett europeiskt perspektiv', Distriktsläkaren 5/2004
89. Article 'Män and kvinnor får olika vård', Kristianstadsbladet, 20 November 2008
90. Article 'Genusperspektiv kan göra alla till vinnare', Forskning & Medicin, 27 March 2007
91. Article 'Män söker vård sent', Upsala Nya Tidning, 31 January 2011
92. Doctoral thesis 'The Art of Saying No - The Economics and Ethics of Healthcare Rationing', mentioned in article 'Hög lön ger snabbare vård' i Svenska Dagbladet, 3 February 2011

93. Socialstyrelsens rapport 'Jämställd vård? Könsperspektiv in hälso- och sjukvården', 2004, figures for 2002
94. socialstyrelsen.se
95. Website for Stockholms läns landsting, text with header 'Könsskillnader i läkemedelsanvändning', last updated 1 November 2010
96. Press information from Medicinskt kunskapscentrum SLL, 'Män and kvinnor får inte samma behandling', mynewsdesk.se, 22 December 2010
97. Article 'Genusperspektiv kan göra alla till vinnare', Forskning & Medicin, 27 March 2007
98. Article 'Genusperspektiv kan göra alla till vinnare', Forskning & Medicin, 27 March 2007
99. Article 'Vården missar deprimerade män', Dagens Nyheter, 1 March 2010
100. Article 'Genusperspektiv kan göra alla till vinnare', Forskning & Medicin, 27 March 2007
101. Article 'Riksstämman: Kvinnor får fler läkemedel än män även i hög ålder', janusinfo.se, 27 November 2009
102. Article 'Män måste vänta in cancerbesked', Sveriges Radio P4 Jönköping website, 26 January 2010
103. Article 'Kvinnor and högutbildade fick bättre vård i epilepsi', Dagens Medicin, 26 January 2010
104. 'Tid till vård', rapport from Sveriges kommuner and landsting, 2007
105. Article 'KBT-terapi går framförallt till kvinnor', SVT Report website, 5 April 2010
106. Article 'Här är vårdcentralen som lägger all sin fokus in kvinnorna', Expressen 23 September 2010
107. Article 'Kolmården: Journalgranskning gav oväntade insikter', jamstall.nu
108. Dödsorsaksregistret, Socialstyrelsen
109. Statistics from Cancerfonden
110. Article 'Men lose out in battle for cancer cash', Times Online, 16 October 2005
111. Article 'Breast cancer receives much more research funding, publicity than prostate cancer despite similar number of victims', The Daily Daller, 5 October 2010
112. 'Dödsorsaker 2009', Socialstyrelsen

Meira um femínisma í Svíþjóð

[Lex Orwell is Scaring IT Companies Away from Sweden](#)
[The Independent: Why Sweden Rules the Web](#)
[TPB: Selling Sweden's Supreme Court](#)
[Sweden's Pirate Party the New Election Bomb](#)
[NO ABSOLUT IN COUNTRY OF SWEDEN](#)
[Assange & Sweden: Update 2010-09-29](#)
[A Simple Swedish ♀ Factoid Collection](#)
[US Govt Already Pressuring Sweden on Assange Extradition](#)
[Assange/Sweden: Case Børked from Get-Go](#)
[Snow Shovels! Crisis in the constitutional monarchy](#)
[Julian Assange & The Swedish Feminist Conspiracy](#)
[Shock & Horror! Swedes Ridiculed Worldwide!](#)
[Assange & Sweden: Pea Soup & Pancakes](#)
[Why is it so important Assange come to Sweden? Five strange things](#)
[Assange & Sweden: Expressen Hold Back on Full Story](#)
[Swedish Feminism Takes on Medical Science](#)
[The Technological: Sweden](#)
[Sweden: Back on the Map](#)
[White House to Sweden: Shut Down the Bay!](#)
[Sweden & The Data Retention Directive](#)
[Gudrun Schyman Burns Up Ten Thousand Something](#)
[Hall of Monkeys: Carina Rydberg](#)
[Three Women I: Introductions](#)
[Three Women II: The Sex War](#)
[Three Women III: The National Council](#)
[Three Women IV: The Hornets Nest](#)
[Assange: The Case Against Sweden](#)
[12 July 2011: Back to court for the same ridiculous nonsense](#)
[Donkey Carts: IPRED an Economic Catastrophe for Sweden](#)
[Sweden: The Pirate Gambit](#)
[What Happened to Sweden's Pirate Party?](#)
[Olle Andersson: Assange/WikiLeaks: The Betrayal of Sweden's Cultural Elite](#)
['Welcome to Sweden, Leave as Soon as You Can'](#)
[How to Rape Julian Assange Twice](#)
[Olle Andersson: 'Try Me for Rape Too, Marianne Ny!'](#)
[Cairo & Sweden's Cultural Elite](#)
[Assange & Sweden: 2 x Svensson](#)

Assange & Sweden: Read About It

Helene Bergman: Assange is Right: Sweden's the Saudi Arabia of Feminism

Assange & Sweden: The Lion Pit Starring Anna Ardin, Irmeli Krans

Sweden: How could you do this to us, Julian?

Assange: Fair Trial in Sweden?

Sweden & The Rule of Law

Skarlock's Legal Checklist: 14 shortcomings in the Swedish judicial system

Ingrid Carlqvist: DSK case shows Sweden must deal with false rape complaints